



**SKOÐUN** Aukin stéttaskipting er einhver versta v á sem að samfélaginu steðjar. **15**



**MENNING** Ævintýrleg barnamenningarhátíð að hefjast í borginni. **22**



**LÍFID** Galvan, fatamerki Sólveigar Káradóttur, gerir það gott. **34**



**SPORT** Tindastóll hefur ekki verið í lokaúrslitunum í fjórtán ár. **28**

steelseries  
professional gaming gear

ti.is

**TÖLVA LISTINN**

FERMINGARGJAFIR LEIKJASPILARANS

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

20. apríl 2015  
91. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Hrun í fuglastofnum

Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar staðfesta að ætisskortur sverfur að mörgum fuglategundum sem reiða sig á æti í hafinu. Sílafuglar hafa hrunið eða berjast í bökkum. **8**


**Nýr stjóri hjá Íslensku Óperunni** Steinunn Birna Ragnarsdóttir hefur verið ráðin óperustjóri Íslensku óperunnar. Hún tekur við af Stefáni Baldurssyni. **8**



### Hundruð fórust á Miðjarðarhafi

Talið er að allt að sjöhundruð manns hafi látið lífið þegar yfirfullum bát með afríska flóttamenn hvolfði á Miðjarðarhafi. Yfirmaður flóttamannastofnunar SP kallar eftir laga- legum úrræðum til að leysa vanda flóttamanna. **10**

**Drengurinn kominn af gjörgæslu** Drengurinn sem festist í affalli Reykdalsstíflu var útskrifaður af gjörgæslu í gær. Hann liggur nú á Barnaspítala Hringins. Sérstök kælimeðferð var notuð til að koma í veg fyrir að hann hlýti heilaskaða. **4**



## 3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Heimsent | Fólk

**FÓLK**  
HEIMSENT  
FASTEIGNIR.IS

100% þjónusta = árangur

Opíó hús í Hraunasi



**LÍTIL MERKI UM LÍF** Umferðarmannvirkin í hluta Vallahverfisins í Hafnarfirði bíða blikkbeljanna, en þær láta á sér standa þar sem uppbygging er hægari en átti að vera. Á meðan mynda þau skemmtileg merki í landslaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Skortur á íbúðum er farinn að hamla vexti

Alls vantaði 1.200 íbúðir á höfuðborgarsvæðinu um síðustu áramót. Skortur hefur aukist síðan 2011. Þörf er á allt að 1.700 íbúðum á ári. Hægari uppbygging hjá sveitarfélögum en vonast var til. Farið að hamla vexti höfuðborgarsvæðisins.

**HÚSNÆÐISMÁL** Íbúðaskortur er farinn að hamla vexti höfuðborgarsvæðisins, en um síðustu áramót vantaði 1.200 íbúðir á húsnæðismarkaðinn. Þetta kemur fram í Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018 sem kynnt var sveitarstjórnarfólki á föstudag. Þar kemur einnig fram að uppbygging hefur verið hægari hjá sveitarfélögum en vonast var til.

Þróunaráætlunin er hluti af vinnu við Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins til ársins 2040. „Ætla má að uppbygging íbúða verði heldur hægari en sveitarfélögin gera ráð fyrir enda gættir nokkurrar bjartsýni með fjölda íbúða sem fara í byggingu á árunum 2015 og 2016,“ segir í áætluninni.

Fólksfjölgun á höfuðborgarsvæðinu er hægari en á Suðurnesjum, en þar var hún 2,1 prósent árið 2014. Á höfuðborgarsvæðinu er hún 1,2 prósent á sama tíma,



**DAGUR B. EGGERTSSON**



**BRYNDÍS HARALDSDÓTTIR**

en aðeins 0,5 prósent í Reykjavík sjálfri. „Það hefur verið þannig frá 1960 að vaxtarhraðinn í Reykjavík hefur verið aðeins minni heldur en hjá nágrennasveitarfélögum og núna virðist það aftur vera að gerast varðandi höfuðborgarsvæðið í heild og næstu nágrenna, að það er heldur meiri hraði,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.

Hann segir ekki bara verða að mæta venjulegri eftirspurn heldur hafi þörfin hlaðist upp. „Við erum í skuld gagnvart árunum þegar allt

var í frosti eftir hrun, þannig að það vantar fleiri íbúðir. Það er ástæðan fyrir því að við í Reykjavík og önnur sveitarfélög líka erum að leggja áherslu á að hraða uppbyggingu.“

Bryndís Haraldsdóttir, formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar, segir byggingu nýrra íbúða hafa farið hægari af stað eftir hrun en vonast var eftir. Að einhverju leyti skýrist það af því að fólk, sérstaklega ungt fólk, eigi í erfiðleikum með fjármögnun.

„Ég ímynda mér að það sé einhver smá flöskuháls í fjármögnunarmálum. Það fari því allt af stað ef það verður leyst með einhverjum hætti að ungt fólk geti tekið lán fyrir fyrstu íbúðinni sinni.“

Dagur segir skilaboðin vera skýr: „Nú þurfa bara allir að átta sig á því að svona er staðan og það þarf að byggja þessar íbúðir og það er ekki eftir neinu að bíða með það.“

- kóp / sjá síðu 12

## Útiloka ekki frekari aðgerðir: Gæti skert útflutningstekjur

**KJARAMÁL** Verkfall starfsmanna Matvælastofnunar gæti bitnað á útflutningi á makríl til Rússlands. Útflutningsverðmæti af sölu makrils til Rússlands er um þriðjungur að heildarútflutningsverðmæti makrils, en það nam 18 milljörðum árið 2013.



**DRÍFA SNÆDAL**

Þá lýkur kosningu um verkfallsboðun félagsmanna innan Starfsgreinasambandsins á miðnætti í kvöld.

Ef félagsmenn samþykkja verkfallsboðun munu um 10.000 manns leggja niður störf þann 30. apríl.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að hækkun launa stjórnarmanna HB Granda hafi haft mikil áhrif á atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun. - srs / sjá síðu 4



**OG SVO TEYGJA** ... Halldóra Björnsdóttir kann sitt fag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Hoppandi í hljóðverinu: Þjálfar þjóðina í gegnum útvarp

**MENNING** Halldóra Björnsdóttir hefur séð um morgunleikfílna á Rás 1 í næstum þrjátíu ár.

Til stóð að leggja þáttinn niður í fyrra en eftir kvartanir fjölda hlustenda var ákveðið að halda þættinum á dagskrá Ríkisútvarpsins.

„Þarna náum við til ákveðins hóps sem ekki fer á líkamsræktarstöðvar eða stundar aðra hreyfingu,“ segir Halldóra sem segir frá stemningunni í hljóðverinu þegar hún leiðir hlustendur í gegnum æfingarnar í viðtali við Fréttablaðið.

- ga / sjá síðu 26

1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 12 mán. fylgir.

**iPhone 6 hjá Nova!**


iPhone 6 16 GB

**124.990 kr.** stgr.

7.590 kr. /18 mán.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

**NOVA**



**Í dag verða litlar breytingar á veðri frá því í gær.** Enn blæs nokkuð hressilega og búist er við smá vætu um landið sunnan- og vestanvert og einnig að hitatölur verði heldur lægri en voru í gær eða að 15 gráðum þar sem best lætur.

**SJÁ SÍÐU 20**

# Miðflokkurinn fær umboð til að mynda ríkisstjórn en mikil leynd hvílir yfir hugsanlegu stjórnarmynstri: Alexander Stubb játar ósigur í kosningum

**FINNLAND** „Sigurvegari kosninganna er augljóslega Miðflokkurinn,“ sagði Alexander Stubb, forsætisráðherra Finnlands, þegar um 50 prósent atkvæða höfðu verið talin í finnsku þingkosningunum í gær.

Miðflokkurinn vann öruggan sigur en hann fékk um 22 prósent atkvæða sem er öruggt forskot á aðra flokka. Juha Sipilä, formaður Miðflokksins, mun því að öllum líkindum taka við af Alexander Stubb sem forsætisráðherra Finnlands.

Mesta spennan var þó fólgin í þriggja flokka baráttu Þjóðarbandalagsins, Jafn-

aðarmannaflokksins og Sannra Finna um annað sætið. Þjóðarbandalagið endaði í öðru sæti með um 18 prósent atkvæða en Sannir Finnar þóttu ná góðum árangri í kosningunum og náðu að komast fram úr jafnaðarmönnum á lokasprettinum. Jafnaðarmannaflokkurinn er því talinn hafa farið verst út úr kosningunum en niðurstaðan er talin skaða möguleika þeirra á að komast í ríkisstjórn. Timo Soini, leiðtogi Sannra Finna, segir flokk sinn tilbúinn til að setjast í ríkisstjórn en margir telja óvæntan árangur þeirra renna stoðum undir það.



**SPÁÐ Í SPILIN** Leiðtogar stærstu flokka velta fyrir sér útgönguspám. HEIKKI SAUKK-OMAA/AFP



**SÆLLEG MEÐ SÍKUM** Síkar eru um 760 þúsund á Bretlandi. PETERMACDIARMID/AFP

## David Cameron tekur þátt í trúarfagnaði síka á Bretlandi: Síkar fagna Vaisakhi-hátíðinni

**BRETLAND** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, tekur þátt í Vaisakhi-hátíðarhöldum síka á Suður-Englandi ásamt Samönthu konu sinni. Vaisakhi-hátíðin eru einn af merkustu helgidögum í dagatali síka og markar stofnun Khalsa sem er andlegt samfélag þeirra.

Trúarbrögð síka eru algengust á Indlandi en þar iðka um 19 milljón manns trúna. Næststærsti hópur síka er á Bretlandi en þar búa um 760 þúsund síkar. Þátttaka Camerons í hátíðarhöldunum var liður í kosningabaráttunni í Bretlandi en kosningarnar fara fram þann 7. maí.

## Eldsvoði í Funahöfða: Eldur kviknaði í rúmfötum

**BRUNI** Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu var kallað út rétt eftir hádegi í gær eftir að það kviknaði í rúmfötum í Funahöfða í Árbænum. Um er að ræða verkstæði með íbúðum á efri hæð.

Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðsstöðinni í Skógarhlíð hljómaði tilkynning til slökkviliðsins ekki vel og var því sent út frá öllum stöðvum. Greiðlega tókst hins vegar að slökkva eldinn og var því mannskapurinn kallaður til baka.

## Renzi vill lausn á vandanum: Kallar saman leiðtoga ESB

**ÍTALÍA** Matteo Renzi, forsætisráðherra Ítalíu, hefur kallað eftir því að leiðtogar Evrópusambandsins komi saman til að ræða flóttamannavandann í Miðjarðarhafi.

Renzi tilkynnti um þetta á blaðamannafundi í Róm í gær. Hann líkti flóttamannavandanum við þrælaverslun en með því vísaði hann til þeirra sem misnota sér bága stöðu flóttamanna til að koma þeim til Evrópu. Hundruð manna hafa látið lífið á flóttamannabátum undanfarið.

# Hafnfirðingar koma sér upp brandarastíg

Menningarfulltrúi Hafnarfjarðar liggur nú í Hafnarfjarðarbröndurum til að finna þá réttu til að koma fyrir ofan í Strandstígnum. Hugmynd um merkingu með reykingabanni á sundlaugarbotnum var ýtt út af borðinu af öryggisástæðum.

**MENNINGARMÁL** „Ég ligg hér í Hafnarfjarðarbrandarabókunum,“ segir Marín Hrafnadóttir, menningar- og ferðamálafultrúi Hafnarfjarðar, sem undirbýr nú að brandarar verði settir ofan í Strandstíginn í bænum.

„Ég hef lengi verið að spá í hvernig við eigum að nýta Hafnarfjarðarbrandarana. Þótt það séu bæir erlendis þar sem er svipað grín uppi á teningum þá er þetta náttúrulega sérstaða Hafnarfjarðar hér á Íslandi,“ segir Marín.

Ætlunin er að útbúa stensla með tuttugu Hafnarfjarðarbröndurum til að byrja með og setja þá ofan í Strandstíginn milli Norðurbakka og Mýrargötu. „Ég held að það sé skemmtilegt að gera þetta í göngustíginn þannig að maður geti gengið á milli brandara. Það er ofboðslega falleg leið alveg við sjóinn og höfnina,“ segir Marín.

Auk þess að vera á íslensku verða brandararnir á ensku til að þjóna erlendum ferðamönnum sem Marín segir Hafnfirðinga gjarnan vilja sjá meira af. Samkvæmt könnun frá í fyrrasumar hafi 16 prósent erlendra ferðamanna viðdvöl í bænum.

„Það sem hamlar þessum gamla hafnarbæ er að það er engin afþreying í boði tengd sjónum; hvalaskoðun, sjóstangaveiði og eitthvað sem tengist sögu bæjarins og þessari dásamlega fallettu höfn,“ segir menningarfulltrúinn. „Ég held reyndar að Reykjavík vilji líka að sveitarfélögin í kring taki eitthvað af flæðinu. Það er öllum til bóta að dreifa fjöldanum aðeins.“



**MARÍN HRAFNSDÓTTIR** Menningarfulltrúinn segir að byrja eigi á tuttugu skiltum með Hafnarfjarðarbröndurum við Strandstíginn og fjölga þeim síðan.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Pegar Hafnfirðingar fengu nýjan slökkvibíl var efnt til blaðamannafundar. Einn blaðamaðurinn spurði hvað gert yrði við gamla bílinn. „Tja, ég veit nú ekki,“ svaraði slökkviliðsstjórnin. „Ætli hann verði ekki notaður í platútköllin.“

Marín Hrafnadóttir, menningar- og ferðamálafultrúi Hafnarfjarðar.

þó ekki að gefast upp. Það má kannski setja þetta í heitu pottana,“ segir Marín bjartsýn.

gar@frettabladid.is

MALLORCA

## LÚXUS Á LÆGRA VERÐI

Skelltu þér á sjóðheitt sólartilboð!

FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR

TAKMARKADUR FJÖLDI FERÐA Á ÞESSU TILBOÐSVERÐI!

STRANDLÖG

STRANDHOTEL

**PORTO DRACH** VERÐÐ/EMI M.V. 2+3 FRÁ **79.900 KR.**

## Fyrsti dagur aðalmeðferðar í markaðsmisnotkunarmáli Kaupþings í dag: Yfir fimmtíu manns á vitnalista

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð í máli Sérstaks saksóknara gegn níu fyrrverandi starfsmönnum og stjórnendum Kaupþings hefst í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Áætlað er að aðalmeðferðin taki heilan mánuð, það er standi til 22. maí næstkomandi.

Um er að ræða eitt viðamesta mál sem sérstakur saksóknari hefur tekið til rannsókna og ákært í. Vitnalistinn ber það með sér en yfir 50 manns verða kallaðir til sem vitni á meðan aðalmeðferðin stendur yfir.

Númenningarnir eru ákærdir fyrir umfangsmikla markaðsmisnotkun sem lykilstarfsmenn Kaupþings á tímabilinu 1. nóvember 2007 til 8. október 2008. Fram kemur í ákæru að brotin séu umfangsmikil, hafi verið þaulskipulögð og staðið yfir í langan tíma og hafi varðað gríðarlega háar fjárhæðir.

Ákærðu komu ýmist í veg fyrir eða hægðu á lækkun á verði hlutabréfa í Kaupþingi og juku seljanleika þeirra með kerfisbundnum og stórfelldum kaupum í krafti fjárhagslegs styrks bankans. Um 40% viðskipta með bréf Kaupþings í Kauphöll Íslands á þessu tímabili hafi verið sýndarviðskipti eins og segir í ákærunni.



**KAUPÞINGSTOPPAR** Hreiðar Már Sigurðsson og Sigurður Einarsson eru meðal þeirra þrettán sem ákærðir eru í málinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einnig lagði Kaupþing erlendum félögum til háar upphæðir til kaupa á hlutum í bankanum sem voru í raun að fullu fjármögnuð af bankanum sjálfum. Viðskiptin byggðust á blekkingum og sýndarmennsku. -vh



### Opel Insignia

Verð frá: **4.337.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **433.700 kr.**

## OPEL INSIGNIA

# ÞÝSKUR OG STÓRGLÆSILEGUR

Bíll sem þú elskar að aka

**Opel Insignia** er eðalbíll sem sameinar glæsilegt útlit og afburða aksturseiginleika. Insignia hefur það allt; sparneytna vél, sportlegt útlit og ríkulegan staðalbúnað. Þetta er bíll sem þú elskar að keyra. Hann fæst í mörgum útgáfum og meira að segja fjórhjóladrifinn. Kynntu þér Opel Insignia á [opel.is](http://opel.is) eða á [benni.is](http://benni.is).

**Bílabúð  
Benna**  
Sérfræðingar í bílum

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.



**Wir leben Autos.**



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá lánum. Lánsþlutfall ræðst af lánsþæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skyld er að kaskótryggja bifreiðina á lánsþímanum.

## SPURNING DAGSINS



Er lögfræðin eintómt grín?

Nei, hún er ekkert grín enn þá en allt má nú laga nema laganema. Lögfræðinemi Jóhannes Ingi Torfason var á dögnum valinn fyndnasti háskólanemi í Háskóla Íslands.

Sérstök kælimeðferð var notuð til að koma í veg fyrir heilaskaða eftir slysið við Reykdalsstíflu:

## Drengurinn útskrifaður af gjörgæslu í gær

**BJÖRGUN** Ungi drengurinn sem fluttur var þungt haldinn á gjörgæsludeild Landspítalans eftir að hafa fest í affalli í Reykdalsstíflu í Læknum í Hafnarfirði í vikunni hefur verið útskrifaður af gjörgæslu. Drengurinn var útskrifaður af gjörgæslu í gær og liggur nú á Barnaspítala Hringins. Batahorfur hans eru góðar samkvæmt upplýsingum frá Landspítalanum. Drengurinn, sem er níu ára, var að leik við stífluna ásamt systkinum sínum þegar slysið átti sér stað.

Þar sem drengurinn var í hjartastoppi þegar hann kom á spítala var notuð sérstök kælimeðferð til að reyna koma í veg fyrir að

hann hlyti heilaskaða. Kælimeðferðir hafa verið gerðar á Landspítalanum síðan árið 2002 og hafa þær gefið góða raun. Kælimeðferðir virka þannig að blóð líkamans er kælt niður í 32 til 34 gráður.

„Þannig virðist maður ná því að vernda heilann,“ sagði Felix Valsson sérfræðingur í svæfingu og gjörgæslulækningum í viðtali í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Meðferðin hefur verið notuð á um fjögur hundruð sjúklinga hér á landi sem hafa verið í hjartastoppi og hafa lífslíkur sjúklinga aukist um ríflega helming með notkun þessarar aðferðar.

- lvp, vñ



**BARNASPÍTALI HRINGSINS** Drengurinn, sem er níu ára, dvelur nú á Barnaspítala Hringins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Birtu myndbönd af aftöku:

## Tóku 30 manns af lífi í Líbíu

**LÍBÍA** Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við Íslamskt ríki hafa sent frá sér myndband af aftöku á þrjátíu Eþíópíubúum.

Myndbandið sýnir annars vegar 15 manns sem eru afhöfðaðir á strönd í Líbíu og hins vegar 15 menn sem eru skotnir.

Fórnlömbin eru kristnir menn frá Eþíópíu. Í myndbandinu kemur einn böðlanna fram og tilkynnir að kristnir menn skuli snúast til íslams eða greiða sérstakan skatt vegna trúvillu sinnar.

- srs

Búist við frosti á fimmtudag:

## Snjór á sumardaginn fyrsta

**VEÐUR** Á sumardaginn fyrsta, næstkomandi fimmtudag, er spáð snjókomu og frosti um nær allt landið. Á höfuðborgarsvæðinu er spáð eljum um morguninn og hita við frostmark fram eftir degi.

Á Akureyri er útlit fyrir lítills háttar snjókomu og um fjögurra gráðu frost allan daginn. Spáin er nánast sú sama á Vestfjörðum og á Austurlandi, lítills háttar snjókomu yfir allan daginn og hiti undir frostmarki. Þá er von á því að hiti fari rétt yfir frostmark á Kirkjubæjarklaustri í hádeginu en þá er jafnframt von á slyddu.

- bá, vñ



**FISKVINNSLA** Verkföll gætu komið niður á útflutningstekjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PORGEIR BALDURSSON



**LITAGLEÐI** Litapúðri er skotið að hlaupurum meðan þeir hlaupa. NORDICPHOTOS/GETTY

Um tuttugu þúsund manns hlupu í Color Run-hlaupinu:

## Litríkir hlauparar í Parísarborg

**PARÍS** Um 20 þúsund manns tóku þátt í Color Run-hlaupinu í París sem haldið var í annað sinn þar í borg á sunnudag. Hlaupið hófst við Hotel de Ville og endaði við Eiffel-turninn. Hlaupið er fimm kílómetra langt og engin verðlaun eru veitt þeim sem eru fyrstir í mark. Meðan hlaupið fer fram er skotið litapúðri á hlauparana sem koma sumir hverjir ansi skrautlegir í mark.

- vñ

**KJARAMÁL** Í dag fóru 99 starfsmenn sem eiga aðild að Bandalagi háskólamanna í verkfall. Þessir starfsmenn lögðu niður störf hjá Fjársýslu ríkisins og hjá Matvælastofnun.

Páll Halldórsson, formaður BHM, segir að frekari verkfallsaðgerðir hafi ekki verið útilokaðar. „Þetta eru síðustu verkföllin sem tekin hefur verið ákvörðun um,“ segir Páll. „Menn eru byrjaðir að horfa í kring um sig. Hvar sé hentugt að beita aðgerðum til að skapa aukinn þrýsting. En við vonum að ekki þurfi að koma til þess.“

Deiluaðilar funda aftur hjá Ríkissáttasemjara seinni partinn í dag en Páll telur að ríkið þurfi að gera betur. „Okkur finnst að ríkið geti verið iðnara við að finna lausnir, sérstaklega þar sem ástandið er orðið fremur alvarlegt,“ segir Páll.

Langvarandi verkfall starfsmanna hjá Matvælastofnun gæti komið til með að hafa alvarlegar afleiðingar á kjötframleiðslu og á inn- og útflutningi á kjöt- og sjávarafurðum. Ef til verkfallsins kemur verður útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir sjávarafurðir hætt vegna útflutnings til Rússlands, Ísraels, Kasakstans og fleiri ríkja. Útflutningsverðmæti makrils til Rússlands er um það bil þriðjungur af heildarútflutningsverðmæti makrils og því er ljóst að mikil

Langvarandi verkföll gætu stöðvað útflutning á makríl til Rússlands. Sláturhús stóðu að slátrun um helgina til að geta annað eftirspurn en langvarandi verkfall gæti komið niður á velferð dýra. BHM útilokar ekki frekari verkfallsaðgerðir.

## Verkföll kunna að bitna á útflutningi



**PÁLL HALLDÓRSSON**



**DRÍFA SNÆDAL**



**BJARNI BENEDIKTSSON**



**HÖRÐUR HARDARSON**

verðmæti eru undir. Bjarni Benediktsson, framkvæmdastjóri Iceland Seafood, segir að fyrst um sinn verði áhrifin ekki mikil. „Við erum í hléi á milli vertíða ef svo má segja,“ segir Bjarni. „En ef þetta drægist á langinn gæti þetta haft áhrif.“ Bjarni segir að sú vara sem flutt er til Rússlands sé ekki frosin og geti því geymst lengur. Hann vonast til að deilurnar leysist áður en makrílvertíð hefst.

Þá hefur öll slátrun verið stöðvuð í dag vegna verkfallsins en Hörður Hardarson, formaður Svínaræktarfélag Íslands, segir að meira hafi verið slátrað í síðustu viku og núna um helgina heldur en vanalega til að mæta eftirspurn út vikuna. Þá má leiða líkur að því að ef verkfall starfsmanna Matvælastofnunar dregst á langinn verði minna um kjötvörur á hillum landsmanna. „Eftir næstu helgi gæti þetta farið að segja verulega til sín,“ segir Hörður. „Eftir um tvær vikur gætu skapast mikil þrengsli á búnum

sem bitnar mikið á velferð dýra.“ Atkvæðagreiðslu Starfsgreinasambandsins um verkfallsboðun lýkur á miðnætti í kvöld. Ef til verkfalls kemur verður fyrsta vinnustöðvun aðildarféлага Starfsgreinasambandsins fimmtudaginn 30. apríl.

Drífa Snædal, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, segir að atkvæðagreiðslan gangi vel fyrir sig. „Kjörsókn hefur verið mismunandi eftir landshlutum og þetta er mjög fjölbreyttur hópur sem er að kjósa,“ segir Drífa. „Við tökuð eftir því að kjörsókn hjá þeim sem starfa í fiskvinnslu er töluvert betri en á öðrum stöðum.“ En Drífa segir að kjörsókn hafi tekið kipp eftir að fréttir af hækkunum stjórnarlanum stjórnarmanna í HB Granda komust í hámbæli. Hún er ekki í vafa um að verkfallsboðunin verði samþykkt en þá munu um 10.000 manns ganga út af vinnustöðum þann 30. apríl.

stefanrafni@frettabladid.is

**Gæði og áreiðanleiki**

**TABBERT**

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is

**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16



300.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.690.000 kr.

**Volkswagen Tiguan Sport AWD** NX683  
Skráður maí 2008, 2,0TDI dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 134.000 km.  
Ásett verð: 2.990.000 kr.



Verð: 7.990.000 kr.

**Volvo XC90 Summum D5 AWD** TJL91  
Skráður júní 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 89.500 km.



Verð: 890.000 kr.

**Citroën C3 SX** UI148  
Skráður júlí 2007, 1,6i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 95.000 km.



Verð: 3.890.000 kr.

**Ford Grand C-MAX Titanium** BYB71  
Skráður júní 2012, 2,0TDCI dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn: 55.000 km.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



260.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 990.000 kr.

**Mitsubishi Lancer** LZ540  
Skráður september 2006, 1,6i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 84.000 km.  
Ásett verð: 1.250.000 kr.



Verð: 2.350.000 kr.

**Kia Rio** OJR55  
Skráður mars 2014, 1,4TDI dísil, beinskíptur.  
Ekinn 25.400 km. Í ábyrgð



260.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.490.000 kr.

**Ford Explorer XLT 4x4** RA251  
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsk. Ekinn 151.000 km.  
Ásett verð: 1.750.000 kr.

### FINNDU BÍLINN ÞINN



Skoðu fleiri  
dæmi hér!

### TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN  
ÞINN OG VIÐ GERUM  
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.  
ENGIN SKULDBINDING

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.590.000 kr.

**Mitsubishi Pajero GLS** ZT647  
Skráður október 2004, 3,2TDI dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 235.000 km.  
Ásett verð: 1.790.000 kr.



300.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.990.000 kr.

**Volvo V40 Momentum** MGM10  
Skráður desember 2013, 1,6TDCI dísil, beinskíptur.  
Ekinn 11.600 km.  
Ásett verð: 4.290.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**  
Hafðu samband  
strax!



300.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.690.000 kr.

**Ford Kuga Titanium S** PGH11  
Skráður júní 2012, 2,0TDCI dísil, sjálfskiptur.  
Ekinn 101.000 km.  
Ásett verð: 3.990.000 kr.



200.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.190.000 kr.

**Ford Mondeo Ghia** KJ785  
Skráður apríl 2007, 2,0i, bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 149.000 km.  
Ásett verð: 1.390.000 kr.



300.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.990.000 kr.

**Toyota Yaris Terra** PMX12  
Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinskíptur.  
Ekinn 22.500 km.  
Ásett verð: 2.290.000 kr.



100.000 kr.  
Í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.190.000 kr.

**Ford Escape XLS AWD** LI474  
Skráður janúar 2007, 2,3i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 167.500 km.  
Ásett verð: 1.290.000 kr.



Verð: 1.790.000 kr.

**Volkswagen Polo** AVH64  
Skráður maí 2011, 1,4i bensín, sjálfskiptur.  
Ekinn 80.000 km.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílarinn fara  
beint á Facebook!

Söluveildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Öruggur staður til að vera á

## SVONA ERUM VIÐ



**780** ferkílómetrar af Íslandi, fyrir utan sjávarlón, eru fjará.


Vegagerðin og SSH skrifa undir samkomulag um samgönguuppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu:

## Léttlestir og hraðvagnar komin á dagskrá

**SAMGÖNGUR** Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH, og Vegagerðin skrifuðu í gær undir samkomulag um þróun samgöngukerfisins á höfuðborgarsvæðinu.

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur, og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri undirrituðu samkomulagið á fundi SSH í Kópavogi í gær. Samkomulagið snýr að þróun stofnvegakerfisins, þróun stofnleiða hjólreiða, þróun almenningssamgangna og sjálfbærri samgönguáætlun á höfuðborgarsvæðinu. Samkomulagið tekur tillit til heildræns svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins sem unnið er af SSH.

Meginmarkmið samkomulagsins er að tryggja öryggi borgaranna við vegauppbyggingu. Þá gerir samkomulagið ráð fyrir því að einkabíllinn verði aðalsamgöngumáti höfuðborgarbúa árið 2040 en gert er ráð fyrir því að samgönguvenjur breytist þó verulega og nokkuð dragi úr vexti bílaumferðar. Í svæðaskipulagi höfuðborgarsvæðisins er meðal annars gert ráð fyrir aukinni kjarnamyndun byggða sem myndi léttu undir uppbyggingu almenningssamgangna. Með þessu skrefi eru því léttlestir og hraðvagnar komnir á dagskrá.



**GLADIR STJÓRAR** Hreinn Haraldsson vegamálastjóri og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri við undirritunina. MYND/VEGAGERÐIN



**VISTAÐIR Í FANGAGEYMSLU** Annar maðurinn neitaði að gefa upp heimilisfang sitt en hinn mundi það ekki vegna ölvunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gáfu ekki upp heimilisfang:

## Tveir vistaðir í fangageymslu

**LÖGREGLUMÁL** Ungur piltur sem lögregla hafði afskipti af rétt eftir klukkan eitt aðfaranótt sunnudags var vistaður í fangageymslu eftir að hann neitaði að gefa upp heimilisfang sitt og hafði í hótunum við lögreglu. Lögreglu barst einnig tilkynning á laugardagskvöld um mann sem datt og fékk höfuðhögg við veitingastað í vesturbænum. Þegar átti að koma hinum slasaða til síns heim kom í ljós að sökum ölvunar gat hann ekki gefið upp heimilisfang sitt og var jafnframt lykklalaus. Ákveðið var að vista hann í fangageymslu þar til rann af honum. - vh



**HORNAFIÖRÐUR** Höfnina þarf stöðugt að dýpka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Óvænt útgjöld í Hornafirði:

## Minna frá ríki til að dýpka

**SVEITARSTJÓRNIR** Hafnarstjórn Hornafjarðar gagnrýnir að ríkið skeri niður kostnaðarhlut sinn vegna hafnarþýpkunar á Höfn. „Þótt heimilt sé í hafnarlögum að draga úr framlagi ríkisins verður að teljast eðlileg stjórnsýsla að slíkur gjörningur sé kynntur áður en fjárhagsáætlun komandi árs er samþykkt svo tími vinnist til að bregðast við breyttum forsendum,“ segir hafnarstjórnin sem fær á sig 6 milljóna króna aukakostnað. - gar



**TÆKNISKÓLINN** Gangi sameining eftir er líklegast að Iðnskólinn í Hafnarfirði renni inn í Tækniskólann. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Unnið að sameiningu Iðnskólans og Tækniskólans

Svo gæti farið að Iðnskólinn í Hafnarfirði renni inn í Tækniskólann. Nefnd innan ráðuneytis menntamála vinnur að fýsileikakönnun á samrunanum. „Höfum áhyggjur af stöðu mála,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir.

**MENNTAMÁL** Unnið er nú að því innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins að athuga hvort hagstætt sé að Iðnskólinn í Hafnarfirði renni inn í Tækniskóla Íslands. Nefnd er að störfum sem vinnur að fýsileikakönnun á samrunanum. Starfsmenn Iðnskólans í Hafnarfirði hafa áhyggjur af stöðunni. Starfandi skólameistari Iðnskólans, Þór Pálsson, var í lok janúar síðastliðins ráðinn sem aðstoðarskólameistari Tækniskólans.



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar, segist lítið vita um framgang málsins. „Við munum fylgjast eins vel með og hægt er og við höfum áhyggjur af stöðunni. Það er mikilvægt að iðnskóli verði áfram starfræktur í bænum og við munum vinna að því,“ segir Rósa.

Nefndin sem vinnur að samruna skólanna er skipuð Ársæli Guðmundssyni, skólameistara Iðnskólans sem vinnur tíma- bundið í ráðuneyti menntamála, Jóni Stefánssyni, skólameistara Tækniskólans, Bolla Árnasyni, formanni stjórnar Tækniskólans, Bjarna Bjarnasyni, formanni skólanevndar Hafnarfjarðar, og Gísla Þór Magnússyni, yfirmanni fjármálasviðs í menntamálaráðuneytinu. Ársæll segir hans hagsmuni ekki ráða för í þeirri fýsileikakönnun sem nú er skoðuð. „Ég mun ekki standa í vegi fyrir því að þetta gerist. Það er ekki ólíklegt að niðurstaðan verði sú að skólameistarastaða Iðnskólans verði lögð niður ef af sameiningu verður,“ segir Ársæll. „Ég verð að hefja mig upp yfir eigin hag í þessari vinnu.“

Tækniskólinn er einkaskóli en Iðnskólinn í Hafnarfirði er ríkisskóli. Ársæll segir þá stöðu ekki vera vandamál. Forskrift er til að sameiningu einkaskóla og ríkisskóla og það ferli er til í ráðuneytinu. „Það er líklegt að ríkisskólinn renni þá inn í einkaskólann,“ segir Ársæll.

Tækniskólinn er einkaskóli en Iðnskólinn í Hafnarfirði er ríkisskóli. Ársæll segir þá stöðu ekki vera vandamál. Forskrift er til að sameiningu einkaskóla og ríkisskóla og það ferli er til í ráðuneytinu. „Það er líklegt að ríkisskólinn renni þá inn í einkaskólann,“ segir Ársæll.

Tækniskólinn er einkaskóli en Iðnskólinn í Hafnarfirði er ríkisskóli. Ársæll segir þá stöðu ekki vera vandamál. Forskrift er til að sameiningu einkaskóla og ríkisskóla og það ferli er til í ráðuneytinu. „Það er líklegt að ríkisskólinn renni þá inn í einkaskólann,“ segir Ársæll.

Tækniskólinn er einkaskóli en Iðnskólinn í Hafnarfirði er ríkisskóli. Ársæll segir þá stöðu ekki vera vandamál. Forskrift er til að sameiningu einkaskóla og ríkisskóla og það ferli er til í ráðuneytinu. „Það er líklegt að ríkisskólinn renni þá inn í einkaskólann,“ segir Ársæll.

Tækniskólinn er einkaskóli en Iðnskólinn í Hafnarfirði er ríkisskóli. Ársæll segir þá stöðu ekki vera vandamál. Forskrift er til að sameiningu einkaskóla og ríkisskóla og það ferli er til í ráðuneytinu. „Það er líklegt að ríkisskólinn renni þá inn í einkaskólann,“ segir Ársæll.



**ÁRSÆLL GUÐMUNDSSON** í leyfi sem skólameistari Iðnskólans í Hafnarfirði og vinnur tíma- bundið í menntamálaráðuneytinu.

Forsaga málsins er að í lok febrúar á þessu ári óskaði stjórn Tækniskólans formlega eftir því að Iðnskólinn og Tækniskólinn sameinist. Skólarnir eru með sama námsframboðið og eru að mennta sömu námsbrautir og þar af leiðandi í samkeppni um ört fækkandi nemendur í verknámi. Í framhaldi af bréfi Tækniskólans var verkefnahópurinn myndaður og settur á til að kanna möguleikann á samruna skólanna.

„Nefndin á að skila tillögum sínum til ráðherra þann 21. apríl næstkomandi. Eftir það mun ráðherra taka málið til skoðunar og taka endanlega afstöðu til þeirra gagna sem við munum skila af

okkur,“ segir Ársæll. Kennarar og starfsmenn Iðnskólans í Hafnarfirði hafa lýst áhyggjum sínum af stöðunni. Segja starfsmenn í ályktun sem þeir sendu til bæjaryfirvalda í Hafnarfirði mikilvægt að skólinn verði rekinn áfram sem sjálfstæð eining. Brynt hagsmunamál starfsmanna og bæjaryfirvalda sé að skólinn verði áfram starfræktur með því námsframboði sem nú er og skora á bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að verja skólann.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, vildi ekki tjá sig við Fréttablaðið um málið þegar eftir því var leitað.

sveinn@frettabladid.is


## Ársfundur

Vina Vatnajökuls - hollvinasamtaka Vatnajökulspjóðgarðs

Ársfundur Vina Vatnajökuls verður haldinn, **mánudaginn 27. apríl 2015 kl. 16:00** á **hótel Natura, Nauthólsvegi 52, Reykjavík.** Fundarefni venjuleg aðalfundarstörf. **Stjórmin**



HRINGINN OG 250 KM  
AÐ AUKI Á EINUM TANKI



# MEGANE LIMITED ÚTGÁFA Á BETRA VERÐI



NÚ BJÓÐUM VIÐ RENAULT MEGANE ÍSLANDSMETHAFA  
Í SPARAKSTRI Í **LIMITED ÚTGÁFU HLAÐINN BÚNAÐI**

#### RENAULT MEGANE LIMITED

DÍSil, BEINSKIPTUR. **3,5 L/100 KM\*** / DÍSil, SJÁLFSKIPTUR. **4,2 L/100 KM\***

INNIFALIÐ Í VERÐI: 17" ÁLFELGUR / LYKLALAUST AÐGENGI / SKYGGÐAR RÚÐUR / TÖLVUSTÝRÐ

TVEGGJA SVÆÐA LOFTKÆLING / LIMITED INNRÉTTING OG AÐFELLANLEGIR SPEGLAR

VERÐ FRÁ: **3.540.000 KR.**

## DÍSilBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Dísilbíllarnir frá Renault hafa sannarlega slegið í gegn fyrir sparneytni og hagstætt verð. Malín Brand, blaðamaður Bílblaðs Morgunblaðsins, ók á síðasta ári Renault Megane Sport Tourer með 110 hestafla, 1,5 l dísilvél hringinn í kringum landið og í Húnaver að auki, eða u.þ.b. 1.520 km leið, á einungis einni 60 l tankfyllingu.



## ÞÚTANKAR SJALDNAR Á RENAULT



**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

## VEISTU SVARIÐ?



1. Í hvaða borg var þeirra sem fórust með flugvél Germanwings minnst?
2. Í hvaða á er fyrirhugað að reisa Urriðafossvirkjun?
3. Hægri hönd hvers var Izzat Ibrahim sem drepinn var í síðustu viku?

SVÖR

1. Kóln. 2. Þjórsá. 3. Saddams Hussein.

Nýr óperustjóri Íslensku óperunnar valinn úr hópi fimmtán umsækjenda:  
Steinunn Birna ráðin óperustjóri

**MENNING** Steinunn Birna Ragnarsdóttir hefur verið ráðin óperustjóri Íslensku óperunnar. Hún tekur við af Stefáni Baldurssyni, sem gegnt hefur starfi óperustjóra síðastliðin átta ár. Fimmtán manns sóttu um stöðuna. Steinunn segist spennt fyrir nýja starfinu. „Þetta er heilmikil áskorun og spennandi. Það besta er að geta haldið áfram að vinna að mótun tónlistarinnar



STEINUNN BIRNA

og listarinnar í Hörpu sem hefur átt allan minn hug og hjarta og hverja mínútu síðustu 5 árin,“ segir Steinunn sem gegnt hefur starfi tónlistarstjóra Hörpu frá 2010. Aðspurð hvort hún komi til með að breytta áherslum segir hún: „Það er of snemmt að tala um gagngerar breytingar heldur ætla ég að byggja á þessum góða grunni sem búið er að búa til og auðvitað þróa áfram og inn í nútímann

og framtíðina. Eftir þeim væntingum og áherslum sem það býður upp á,“ segir Steinunn.

Fleiri breytingar eru hjá Íslensku óperunni en Júlíus Vífill Ingvarsson hefur sagt af sér formennsku í stjórn hennar. Í samtali við Fréttablaðið segir hann það ekki tengjast ráðningu Steinunnar heldur hafi hann verið búinn að upplýsa stjórn um það áður en ljóst var hver yrði ráðinn óperustjóri. Hann hefur setið í stjórn óperunnar frá árinu 1998.

72 verkefni fengu úthlutun:  
Styrkja nema um 75 milljónir

**VÍSINDI** Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur lokið mati á umsóknnum vegna styrkja fyrir sumarið 2015. Sjóðnum bárust 357 umsóknir 542 háskólanema upp á rúmlega 360 milljónir króna.

Sjóðurinn hafði að þessu sinni einungis 75 milljónir til úthlutunar og hlutu alls 72 verkefni styrk. 111 nemendur standa að þessum verkefnum. Þetta eru því 20 prósent þeirra verkefna sem sótt var um fyrir.



**TILFINNINGAPRUNGIÐ** Það var erfið stund fyrir Petr Mitschuk að koma aftur í búðirnar þar sem honum var haldið föngnum af nasistum. Fyrir framan hann er hið þekkt skilti á búðunum sem á stendur Vinnan frelsar.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Hrun í fuglastofnum staðfest enn og aftur

Rannsóknir Náttúrufræðistofnunar staðfesta enn og aftur að ætisskortur sverfur mjög að mörgum tegundum fugla sem reiða sig á æti í hafinu. Sílafuglar eins og kjói, skúmur, kría, sílamáfur og svartbakur hafa hrundið eða berjast í bökkum.

**NÁTTÚRA** Rannsóknir vegna framkvæmda sem tengjast Landeyjahöfn staðfesta fyrri niðurstöður um breytingar á fuglastofnum á landsvísi. Stofnar sílafugla eins og kjóa, skúms, kríu, sílamáfs og svartbaks á rannsóknarsvæðinu hafa hrundið eða eiga mjög undir högg að sækja.

Umrædd rannsókn var unnin af starfsmönnum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) á árunum 2007 til 2014 að ósk Vegagerðar ríkisins og laut að fuglalífi og gróðurfari.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, sviðsstjóri dýrafræði hjá NÍ, segir að tveir stórir atburðir hafi sett mjög svip sinn á rannsóknina; ætisskortur hjá fugli við Suður- og Suðvesturland og eldgosíð í Eyjafjallajökli. Ekki virðast hafa orðið merkjanlegar breytingar hjá fuglastofnum á svæðinu sem rekja megi til vegagerðar og efnisnáms en of snemmt sé að fullyrða nokkuð um slíkt til lengri framtíðar lítið, enda erfitt að meta slík áhrif ef einhver eru á fáum athugunarárum.

„En þessar afgerandi niðurstöður sem rannsóknin sýnir, og yfirskyggja allt annað, eru tilkomnar af því ástandi sem hefur ríkt hér á landi í um áratug – og áhrifin á lunda eru einna best kynnt. Ástandið vegna ætisbrests hjá sjófuglum var að hefjast þegar við höfum rannsóknina. Öllum þessum fuglum sem eru háðir sjónum og verpa hérna í ríku mæli hefur gengið illa,“ segir Kristinn.

Spurður nánar um hrun stofnanna segir Kristinn að ekkert gangi hjá mörgum tegundum fugla að koma upp ungum – þar koma



**KRÍUNGI** Það er ungvíðið sem fer verst út úr ætisskortinum á síðustu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Minntust þess að sjötíu ár eru síðan fangabúðum var lokað:  
Sjötíu ár frá lokun Sachsenhausen

**BERLÍN** Á sunnudag mættu margir á athöfn sem haldin var í tilefni þess að sjötíu ár eru frá því að fangar voru frelsaðir úr Sachsenhausen-fangabúðum nasista. Petr Mitschuk frá Úkraínu er einn þeirra sem var bjargað úr þrælubúðunum. Petr var aðeins fjórtán ára gamall þegar hann var tekinn af nasistunum og var meðal annars haldið í Sachsenhausen.

Talið er að um 30 þúsund manns hafi látið lífið í Sachsenhausen sem nasistar starfræktu á árunum 1936-1945. Búðunum var lokað 22. apríl 1945 og síðustu fangarnir þar frelsaðir.

-vh

Hraðakstur á Suðurnesjum:  
Tekinn á 123  
kílómetra hraða

**LÖGREGLUMÁL** Nokkrir öku-menn voru kærðir fyrir hraðakstur í umdæmi lögreglunnar á Suðurnesjum í vikunni. Sá sem hraðast ók mældist á 123 km hraða á Reykjanesbraut þar sem hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund. Nokkur brögð voru að því að öku-menn virtu ekki umferðarreglur, svo sem stöðvunarskyldu. Loks voru skráningarnúmer fjarlægð af nokkrum bifreiðum sem ýmist voru óskodaðar eða ótryggðar.

-vh

Nýr evrópskur staðall:  
Vilja öruggari  
arineldstæði

**NEYTENDUR** Vöruöryggisnefnd ESB, sem Neytendastofa er aðili að, hefur samþykkt staðlaumboð þar sem óskað er eftir því að settur verði saman samhefður evrópskur staðall til að gera etanólarinstæði öruggari og hættuminni fyrir neytendur.

Neytendastofa, sem og systurstjórnvöld Neytendastofu á EES-svæðinu, hefur fengið margar tilkynningar síðustu árin um slys sem orðið hafa vegna slíkra eldstæða.

-fbj

## Ársfundur EFÍA 2015

Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn miðvikudaginn 6. maí kl. 15 í Hlíðasmára 8, Kópavogi.

## Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Skipun stjórnar og laun stjórnarmanna
6. Val endurskoðanda
7. Tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins
8. Önnur mál

Í samræmi við samþykktir sjóðsins verður efnt til atkvæðagreiðslu meðal sjóðfélaga um tillögur til breytinga á samþykktum. Gögn verða send sjóðfélögum í framhaldi af ársfundinum.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með umræðu- og tillögurétti. Hægt er að nálgast ársfundargögn á heimasíðu sjóðsins [www.efia.is](http://www.efia.is).

**EFTA**  
Eftirlaunasjóður



„En það má leiða að því líkur að þessum stofnum öllum hnigni mjög ört.“

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, sviðsstjóri hjá NÍ.

upp áður, til dæmis á síðustu öld eins og Erpur Snær Hansen, sviðsstjóri vistfræðirannsóknna hjá Náttúrustofu Suðurlands, hefur sýnt fram á í sínum rannsóknum á lunda. Tengist ætisskorturinn hlýnun.

svavar@frettabladid.is



*Við fylgjum þér alla leið*

## SÉRÞEKKING OG FAGMENNSKA Í SLYSAMÁLUM

**Þegar slys ber að garði þá  
aðstoðum við þig alla leið:**

- Við sækjum um endurgreiðslu á öllum útlögðum kostnaði.
- Fáum tekjutap þitt greitt.
- Innheimtum bætur vegna varanlegra afleiðinga.

**Arna Pálsdóttir lögmaður**  
Sviðsstjóri skaðabótasviðs

OPUS  
SLYSABÆTUR

**FYRSTA VIÐTAL FRÍTT**

Engar bætur – engin þóknun

☎ 415 2200

Nánar á [www.opus.is](http://www.opus.is)

Austurstræti 17 \ Sími 415 2200



Forsetar funduðu:

## Ræddu loftslagsmál í París

**UMHVERFISMÁL** Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, átti fund með François Hollande, forseta Frakklands, fyrir helgi. Þar áréttaði Hollande mikilvægi loftslagsráðstefnunnar sem haldin verður í París í desember, þar sem gerð verður úrslitilraun til að ná samkomulagi um aðgerðir gegn loftslagsbreytingum. Forsetarnir voru sammála um að bráðnun íss á norðurslóðum kallaði á alþjóðlegt samkomulag í loftslagsmálum.

- kbj

Vísindamenn vilja meina að Tórínóklæðin séu 700 ára gömul fölsun á líkklæðum Jesú Krists:

## Líkklaði Jesú Krists á sýningu í Tórínó

**ITALÍA** Tórínóklæðin svokölluðu, sem fólk telur að séu líkklæði Jesú Krists, verða almenningi til sýnis til 24. júní í ár.

Klæðin verða til sýnis í dómkirkjunni í Tórínó á Norður-Ítalíu en almenningur þarf að skrá sig á biðlista til að geta séð klæðin með eigin augum. Þegar hafa um milljón manns skráð sig á lista til að geta séð klæðin en Frans páfi verður einn þeirra sem munu skoða klæðin í heimsókn til Tórínó í sumar.

Klæðin, sem eru fjórir metrar á

lengd, voru síðast til sýnis árið 2010 en þá komu 2,5 milljónir manna til að skoða klæðin.

Margir telja þó að ekki sé um raunveruleg líkklæði Krists að ræða en vísindamenn telja að þau séu fölsun frá árinu 1300 eftir dauða Krists og styðjast þar við aldursgreiningu með geislakoli.

Þrátt fyrir það segja talsmenn dómkirkjunnar í Tórínó að klæðin hafi mikið trúarlegt gildi fyrir fólk þrátt fyrir vangaveltur um hvort þau séu fölsuð eða ekki.



**FÖLSUN EÐA EKKI** Sumir telja klæðin trúarlega mikilvæg fyrir Kristindóm. MARCO BERTORELLO / AFP



**TIL BJARGAR** Björgunarsveitarmann komu konunum til bjargar og fylgdu þeim niður úr gilinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björguðu konum í Glymsgili:

## Voru örmagna í sjálfheldu

**BJÖRGUN** Björgunarsfélag Akraness sótti á laugardagskvöld tvær göngukonur sem voru örmagna í sjálfheldu í Glymsgili í Hvalfirði.

Göngufélagi þeirra hringdi í Neyðarlínu og óskaði eftir aðstoð. Í fyrstu var talið að verkefnið krefðist töluverðrar línuvinnu og voru því kallaðar út fleiri björgunarsveitir af Vesturlandi.

Fljótlega kom í ljós að ekki var þörf á slíkum viðbrögðum og var því frekari aðstoð afturkölluð. Björgunarsveitarmenn fylgdu konunum niður úr gilinu. Reyndust þær heilar á húfi en voru orðnar nokkuð kaldar og skelkaðar.

- vh



**BREYTINGAR** Raúl Castró hefur boðað breytingar á kosningakerfinu á Kúbu.

Valkostir á Kúbu:

## Sluppu óvænt í gegnum forvalið

**KÚBA** Tveir yfirlýstir andstæðingar kúbverskra stjórnvalda fengu að bjóða sig fram til hverfisstjórnakosninga í Havana sem fram fóru í gær. Slíkt hefur ekki tíðkast, en á Kúbu er aðeins einn viðurkenndur stjórnvaldaflokkur.

Mennirnir voru tilnefndir á hverfisfundum, þar sem framboðendur eru samþykktir með handaupprettum í forvali fyrir kosningarnar.

Annar maðurinn er 52 ára lögfræðingur og blaðamaður og hinn er félagi í sjálfstæðisflokki Kúbu. Þeir telja að stjórnvöld hafi vanmetið hversu mikinn stuðning þeir hafa og leyft þeim að taka þátt í forvalinu til kosninganna. Raúl Castró forseti hefur boðað breytingar á kosningakerfi landsins en þetta er ekki talið tengjast þeim.

- kak

## Bátinum hvolfdi í myrkrinu á miðju Miðjarðarhafinu

Talið er að hundruð hafi farist þegar bát með 700 flóttamönnum hvolfdi á Miðjarðarhafinu. SP kallar eftir lagalegri lausn á vanda flóttamanna. Samfélagið á ítölsku eyjunni Lampedusa er lamað eftir hörmungarnar.

**SLYS** Talið er að hundruð manna hafi farist þegar bát með allt að 700 afrískum flóttamönnum hvolfdi á Miðjarðarhafi aðfaranótt sunnudagsins. Flóttamennirnir voru á leið frá Líbíu til Evrópu á fiskibáti. Flóttamennirnir sendu út neyðarkall laust eftir miðnætti á laugardag og hugðist áhöfn portúgalsks fiskibáts aðstoða flóttamennina. Þegar portúgalski báturinn nálgadist bát flóttamanna er talið að mikill fjöldi hafi safnast saman í öðrum enda bátsins, til að fanga athygli portúgölsku sjómanna, með þeim afleiðingum að bátinum hvolfdi.

Alls hefur tekist að bjarga 28 manns af þeim sem voru í bátinum en talið er að um 670 manns hafi farist í slysinu. 24 lík hafa fundist. Maltnesk og ítölsk björgunarskip leita nú á svæðinu. Fjöldi fólks um borð hefur ekki fengist staðfestur, en stemmi þær tölur sem gefnar hafa verið upp er þetta skæðasta slys af þessu tagi á Miðjarðarhafi. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá António Guterres, yfirmanni flóttamannamála hjá Sameinuðu þjóðunum. „Þetta sýnir hversu mikilvægt það er að bæta úrræði til björgunar á þessum slóðum. Einnig sýnir þetta hversu aðkallandi það er að finna lagalega lausn á málefnum þeirra sem vilja koma til Evrópu. Annars mun fólk, sem vill komast í auknið öryggi í Evrópu, halda áfram að deyja á sjó,“ segir einnig í tilkynningunni frá Guterres.

Báturinn sem fólk var ferðast á, í um 200 sjómílna leiðangur frá Líbíu til ítölsku eyjunnar Lampedusa, var aðeins 20 metrar



**LEITA Í HAFINU** Ítölsk og maltnesk björgunarskip leituðu að flóttamönnum í hafinu í gær. Hér má sjá leitarmenn að störfum.

á lengd. Þekkt er að flóttamenn fari þessa leið og hafi samband við landhelgisgæslu þeirra Evrópuríkja sem ferðast er til um leið og komið er út úr lögsögu þeirra ríkja sem farið er frá.

Sé fjöldi fólks um borð rétt áætlaður er tala látinna flóttamanna á þessari sjóleið komin í rúmlega fimmtán hundruð á árinu. 218 þúsund flóttamenn fóru yfir Miðjarðarhaf í fyrra.

„Við erum mjög sorgmædd yfir þessum tíðindum. Það er erfitt að heyra af svona atburðum og

vita af því hversu margir deyja á þennan hátt,“ segir Marta Bernandini, sem starfar fyrir göðgerðarsamtökin Mediterranean Hope eða Von Miðjarðarhafsins. Samtökin hafa aðsetur á Lampedusa og aðstoða flóttamenn sem koma yfir Miðjarðarhafið í leit að betra og öruggara lífi. Á Lampedusa búa aðeins um fimm þúsund manns, en þar eru nú um þúsund flóttamenn sem komið hafa frá Afríku. Þeir bíða úrlausnar á sínum málum í ítalskri stjórn-sýslu.

kjartanatli@frettabladid.is

„Þetta sýnir hversu mikilvægt það er að bæta úrræði til björgunar á þessum slóðum. Einnig sýnir þetta hversu aðkallandi það er að finna lagalega lausn á málefnum þeirra sem vilja koma til Evrópu.“

António Guterres, yfirmaður flóttamannamála hjá SP.

Talið er að yfir 400 lítrar af köldu vatni renni inn í Vaðlaheiðargöng á sekúndu og þurfti að tæma þau:

## Mikill vatnsleki í Vaðlaheiðargöngunum

**FRAMKVÆMDIR** Mikið af vatni hefur flætt inn í Vaðlaheiðargöng eftir að vatnsæð opnaðist í göngunum á föstudag. Í fréttum RÚV kom fram að vatnsflaumurinn væri austanmegin í göngunum í Fnjóskadal en hingað til hafi helstu vatnsflóðin verið í vesturenda þeirra. Æð opnaðist í fyrra vestan megin í göngunum en nú er vatnið kalt og meira flæðir nú en þá. „Þetta er meira vatn, yfir 400 lítrum á sekúndu og mjög sennilega einhvers staðar á milli 500 og 600 lítra á sekúndu og frekar kalt vatn,“ sagði Einar Hrafn Hjálmarsson, staðarstjóri verktaðkans Ósafs, í samtali við RÚV.

Dælur hafa ekki undan og á laugardag var farið að veita vatninu út. Seinni partinn á laugardag

var farið í það að tæma göngin og forða verðmætum.

Grjót tók að hrynja úr loftinu þegar hluti af styrkingu í lofti gaf sig.

Menn sem voru að störfum í göngunum færðu sig frá og fylgdust með. Framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng hófust sumarið 2013.


Göngin eru undir Vaðlaheiði við Eyjafjörð og verða 7,4 kílómetra löng á milli Eyjafjarðar, gegnt Akureyri, og Fnjóskadals. Með göngunum mun vegurinn á milli Akureyrar og Húsavíkur stytta um 15,7 kílómetra og ekki þarf lengur að fara fjallveginn um Víkurskarð þar sem færð spillist gjarnan á veturna.

Vinnan við göngin er rúmlega hálfnuð.

- vh



**GÖNGIN** Æð opnaðist í fyrra vestan megin í göngunum en vatnið er kaldara nú og straumurinn meiri. FRÉTTABLAÐIÐ/ÁRSSELL



Jafnlaunaúttekt  
PwC  
2015

## Við erum stolt

Síðustu ár höfum við unnið ótullega að því að jafna laun kynjanna. Nýverið hlaut Orkuveita Reykjavíkur gullmerki jafnlaunaúttektar PwC fyrir framúrskarandi árangur á þessu sviði.

Gullmerkið er veitt fyrirtækjum og stofnunum ef munur grunn- og heildarlauna kynjanna er minni en 3,5%.

Viðurkenningin er okkur mikilvæg og sýnir að við erum á réttri leið.

Við ætlum og munum gera betur!



Orkuveita  
Reykjavíkur

# Vantaði 1.200 íbúðir um áramótin

Mikill skortur er á íbúðum á höfuðborgarsvæðinu. Það fjölgar í heimilum þar sem ungt fólk dregur það að flytjast að heiman. Íbúðarskortur er farinn að hamla vexti höfuðborgarsvæðisins. Fjölga mun um 25.000 manns til ársloka 2022. Þörf á allt að 1.700 nýjum íbúðum á ári.

Kolbeinn Óttarsson Proppé  
kolbeinn@frettabladid.is



Um 1.200 íbúðir vantaði á húsnæðismarkaðinn á höfuðborgarsvæðinu í árslok 2014. Íbúðaskortur er farinn að hamla vexti höfuðborgarsvæðisins, að því er segir í Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2018, en hún er hluti af vinnu að Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Það nær til ársins 2040.

Íbúðamarkaðurinn á Íslandi hefur verið mjög sveiflukenndur og í takt við stöðu efnahagsmála hverju sinni. Í þróunaráætluninni segir að drifkrafturinn hafi verið fjölgun íbúa, sem hefur verið viðvarandi á höfuðborgarsvæðinu. Aðrir þættir hafa einnig áhrif á þörf fyrir nýjar íbúðir, svo sem fækkun í heimili sem hefur verið viðvarandi, en nú er heldur farið að draga úr.

„Framboð á nýjum íbúðum hefur einnig áhrif á fjölgun íbúa og ekki síst fjölda í heimili. Þannig hægir mjög á fækkun í heimili þegar skortur er á íbúðum,“ segir í áætluninni. Þá fjölgar jafnvel í heimili eins og gerst hefur síðustu árin. „Þegar framboð íbúða eykst, fækkar mjög hratt í heimili.“

Íbúðamarkaðurinn á höfuðborgarsvæðinu hefur einkennst af djúpum sveiflum á milli skorts á íbúðum og offramboðs.

„Þegar skortur er mikill myndast þrýstingur á alla aðila sem koma að húsnæðismarkaðnum og í kjölfarið hefst uppbyggingarskeið sem endar með offramboði. Í kjölfar offramboðs hægir mjög á byggingu nýrra íbúða.“

## Fullmikil bjartsýni

Þróunaráætlunin var kynnt svæðisskipulagsnefnd Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á föstudag og í framhaldinu send sveitarstjórnarmönnum. Þó nokkur áform hafa verið uppi um uppbyggingu á svæðinu, en í áætluninni er þó slegið á of miklar væntingar.

„Þegar lítið er til uppbyggingaráforma bendir margt til að fullmikil bjartsýni birtist í tölum um þann fjölda íbúða sem koma nýjar á markað 2017 og 2018. Þetta eru íbúðir sem þurfa að fara í byggingu í ár og á því næsta. Sum þessara uppbyggingaráforma eru á svæðum sem eru enn á skipulagsstigi og óvíst hvort þeim ljúki í tíma. Eins er óvíst hvort markaðslegar forsendur séu fyrir að lóðir sem eru tilbúnar til byggingar seljist eins hratt og sveitarfélögin vonast til. Það á sérstaklega við svæði sem ekki uppfylla kröfur markaðarins m.t.t. staðsetningar, tegundar húsnæðis og verðs.“

En eru sveitarfélögin of bjartsýn?

„Við byggjum okkar tölur auðvitað alltaf á upplýsingum frá uppbyggingaraðilunum,“ segir Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. „Kannski eru þeir eitthvað bjartsýnir, en þó sjáum við það í Reykjavík að það er mjög mikið, sem við höfum verið að kortleggja, að ganga eftir. Svo getur verið að það taki einhverjum mánuðum, jafnvel ári, lengri tíma að fullklára það og koma því í sölu eða leigu.“

Bryndís Haraldsdóttir, formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar, segir uppbyggingu hafa farið hægar af stað eftir hrun en búist var við.

„Þetta er að fara aðeins hægar af stað. Ég veit ekki hvað veldur. Það gæti verið að það sé ekki næg hreyfing á markaðnum, ungt fólk er ekki að fá lánsfjármagn. Ég held að það skýrist eitthvað af því. Svo veit maður ekki hvort það verði eins og þegar losað er um tappa. Ég ímynda mér að það sé einhver smá flöskuháls í fjármögnunarmálum. Það fari því allt af stað ef það verður leyst með einhverjum hætti að ungt fólk geti tekið lán fyrir fyrstu íbúðinni sinni.“

## Vantar ódýrari íbúðir

Bryndís segir að í Mosfellsbæ sé lóðaskortur ekki vandamál.

„Það er ekki vandamálið, frekar



**KRANARNIR KOMNIR UPP** Fjöldi byggingarkrana bendir til þess að markaðurinn sé að bregðast við íbúðaskorti. Stórt hlutfall þeirra íbúða sem eru í byggingu eru hins vegar dýrar íbúðir sem höfða til efnameira fólks í eldri aldersþrepum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

það að einhver komi með fjármagn til að fara að byggja og selja. Svo er auðvitað þessi kenning um að framboðið sé ekki samræmi við eftirspurnina, það er að segja að það sé meira framboð af stærra húsnæði og ódrúvísi húsnæði en vöntun er á. Það getur skýrt þetta eitthvað. Við erum að taka tillit til þess í okkar skipulagsvinnu, þegar fólk er að óska eftir breytingum á skipulagi erum við að reyna að koma með einhverjum hætti til móts við það, án þess að það þó umturni alveg fyrirleggjandi skipulagi.“

Í Þróunaráætluninni er einmitt minnst á það að talsvert ákall hafi verið eftir litlum, ódýrum íbúðum og leiguhúsnæði. Flestar íbúðir sem áform séu uppi um að byggja núna séu í fjölbýli.

„Ljóst er að stórt hlutfall þeirra íbúða eru samt dýrar íbúðir sem höfða fyrst og fremst til efnameira fólks í efri aldersþrepum. Hætta er á að ef íbúðaframboð er ekki í takt við eftirspurn og þarfir markaðarins þá hægi á árlegri fjölgun íbúa á höfuðborgarsvæðinu,“ segir í skýrslunni.

## Skýr skilaboð um uppbyggingu

Dagur segir hins vegar ýmislegt jákvætt hafa lærst á síðustu árum, sérstaklega þegar kemur að skipulagsmálum.

„Mér finnst aðalatriðið vera það að sveitarfélögin eru að draga lærdóm af því sem gerðist fyrir hrun, þegar allir voru í myrkrinu og vissu ekki hvað hinir voru að gera, og eru núna á kerfisbundinn hátt að safna þessum upplýsingum og birta

## Fullgerðar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu



„Það fari því allt af stað ef það verður leyst með einhverjum hætti að ungt fólk geti tekið lán fyrir fyrstu íbúðinni sinni.“

Bryndís Haraldsdóttir, formaður bæjarráðs Mosfellsbæjar.

þær reglulega til þess að við getum öll tekið betri ákvarðanir.“

Bryndís segir margt benda til þess að staðan sé að batna á húsnæðismarkaði höfuðborgarsvæðisins.

„Maður sér að byggingarkranarnir eru komnir upp og í Mosó sjáum við að það hrynja inn umsóknir,“ segir hún. Það eigi þó fyrst og fremst við um byggingarleyfi og leyfi til að breyta skipulagi.



„Nú þurfa bara allir að átta sig á því að svona er staðan og það þarf að byggja þessar íbúðir og það er ekki eftir neinu að bíða með það.“

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri í Reykjavík.

Borgarstjóri brýnir hins vegar markaðinn. Fyrir nokkrum árum hafi verið fólksfækkun, en nú sé skortur á íbúðum sem verði að bregðast við.

„Nú þurfa bara allir að átta sig á því að svona er staðan og það þarf að byggja þessar íbúðir og það er ekki eftir neinu að bíða með það. Það eru þau skilaboð sem við erum að gefa út á húsnæðismarkaðinn.“

**AUGNÞURRUR**

**BELLAVISTA**  
Hjálpi til at nemmt lita  
+ útsögta þrástir og næringstofur

**BELLAVISTA náttúrulegt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum**

www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og stórmörkuðum

**STARFSMENN ÓSKAST Í VERKSMIÐJU**

ERUM AÐ LEITA AÐ TRAUSTUM OG GÓÐUM STARFSMÖNNUM Á ÚTILAGER OG Í JÁRNBINDINGAR Í STEYPUVERKSMIÐJU OKKAR AÐ BREIÐHÖFÐA. Óskað er eftir vönum mönnum eða með reynslu af sambærilegum störfum. Vinnuvélaréttindi kostur.

Umsóknir og meðmæli óskast sent á [thorvaldur@ev.is](mailto:thorvaldur@ev.is) Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 843 8772 og á staðnum.

Einingaverksmiðjan sérhæfir sig í framleiðslu forsteypra eininga til byggingaframkvæmda. Fyrirtækið er í forystu á sínu sviði og tækjábúnaður og sérhæfð þekking gerir fyrirtækinu kleift að afgreiða bæði stór og smá byggingaverkefni fljótt og örugglega.

**EININGAVERKSMIÐJAN**  
Breiðhöfði 10 | 110 Reykjavík | Sími: 414 8700 | [www.ev.is](http://www.ev.is) | [ev@ev.is](mailto:ev@ev.is)

**FVFI**

**Aðalfundur FVFI 2015**  
verður haldinn að Borgartúni 22 miðvikudaginn 22. apríl nk. kl.19:00.

Fundarefni:  
1. Venjuleg aðalfundarstörf  
2. Lagabreytingar  
3. Önnur mál

**Veitingar að fundi loknum**  
Ársreikningur félagsins mun liggja frammi á skrifstofu FVFI alla virka daga milli kl. 10-15 vikuna fyrir fund. **Mætið vel og stundvíslega,**

**Stjórnin.**

já

1818

TVÖFALT  
AUÐVELDARA  
AÐ MUNA

Þann **1. maí** færist  
þjónustan okkar úr  
númerinu **118** í **1818**

List án landamæra er dropinn sem holar steininn:

## Komdu og sjáðu

**A**lmenningsbókasöfn eru fallegir staðir. Ekki aðeins vegna allra þeirra dásemda sem fylla söfnin heldur ekki síður vegna þeirra hugsunar sem liggur að baki. Þeirrar hugsunar að öll eigum við rétt á að mennta okkur og njóta bókmennata og menningar óháð efnahag eða samfélagslegri stöðu. Hvort sem við erum rík eða fátæk, ung eða gömul, fötluð eða ófötluð – þá þjóða söfnin okkur velkomin eða eru til þess gerð í það minnsta.

En þegar kemur að því að vera skapandi listamaður þá vandast málið. Í heimi lista- og menningar eru einstaklingar í sífellu dregnir í dilka og landamærin dregin þeirra á milli. Listamenn og listakonur virðast reyndar oft á tíðum vera metin og flokkuð út frá því hver þau eru fremur en verkunum sem þau skapa.

Það er eiginlega alveg synd, ekki síst fyrir okkur sem höfum gaman og gleði af því að njóta sköpunarinnar hvers sem hún er, því fyrir vikið þá förum við á mis við svo margt skrítið og skemmtilegt.

Þessi landamæri manna á milli eru ósýnilegir múrar en raunverulegir engu að síður. En fyrir tilstilli listahátíðar sem gengur undir heitinu List án landamæra er smám saman að verða breyting á. Góðir hlutir gerast hægt stendur einhvers staðar. Ég vona að það sé tilfellið hér.

List án landamæra er vettvangur þeirra sem koma annars staðar að lokuðum dyrum. Fólks sem lengi hefur mátt sæta þeirri mismunun að vera utangarðs í samfélaginu að svo fjölmörgu leyti að það er eiginlega með ólíkindum. Fólks sem margt hvert býr við mismunun og órétt á hverjum degi bæði sem einstaklingar og listamenn. Misréttið getur verið efnahagslegt eða félagslegt, spurning um aðgengi eða einangrun, virðingu eða vorkunn. Hvers eðlis misréttið er hverju sinni skiptir ekki öllu máli nema fyrir hverja og eina manneskju sem við það býr. Það sem skiptir máli er að það er til staðar og það er ólíðandi með öllu.

En á hverju vori er List án landamæra dropinn sem holar steininn. Þar koma saman listakonur og listamenn og þau eru jafn ólík og þau eru mörg. Þau koma með sín sköpunarverk og leggja þau að fótum hvers sem vill skoða, meta og njóta og það kostar ekki krónu. List án landamæra lætur ekki staðar numið þar heldur reynir að vera eins víða um landið og mögulegt er því það búa líka alls konar manneskjur úti á landi. Manneskjur sem skapa list og manneskjur sem njóta hennar.

Þannig er List án landamæra dálítið eins og almenningsbókasafn þann tíma sem hún stendur á hverju vori. Allir eru boðnir velkomnir til þess að skoða og njóta óháð efnahag, aldri eða hverri þeirri samfélagslegu stöðu sem má láta sér koma til hugar. Innan þessarar fallegu hátíðar er að finna fjölda listviðburða sem er full ástæða fyrir alla til þess að kynna sér betur. Leiksýningar, kvikmyndasýningar, myndlistarsýningar, uppistand og svo mætti lengi telja. Það eina sem við, sem viljum njóta, þurfum að gera, er að taka niður landamærin sem eru flækjast í hausnum á okkur og drífa okkur af stað. Komdu og sjáðu.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

## Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone First heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri styrkirfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Afneitum því óþægilega

Það á ekki af Framsóknarfólki að ganga og leitun virðist að misskildara fólki hér á landi. Reglulega uppgötva þau sér til mikillar skelfingar að einhver fulltrúi þeirra í einhverri nefndinni eða ráðinu hefur látið eitthvað út úr sér sem er þess eðlis að viðkomandi getur ekki lengur verið fulltrúi flokksins. Og jafnvel legði á því lúalagi að birta ummælin á jafn fáförnum stað og internetinu. Og nú er komið upp enn eitt dæmið þar sem mis-skilningurinn virðist sækja Framsókn heim. Stundin greindi frá því að Silja Dögg Gunnarsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, hefði fullyrt að Framsóknarflokkurinn hefði ekki lofað þjóðaratkvæðagreiðslu um ESB-mál. „Við töl-

uðum ekki í kosningabaráttunni um að það ætti að greiða atkvæði um málið á kjörtímabilinu,“ sagði Silja á þingi.

#### Ef það er til er það falsað

Stundin bendir hins vegar á að til er myndband þar sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson lofar þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður um ESB, fyrir kosningar auðvitað. Raunar vitnaði Silja í það myndband í umræðunni með orðunum: „Ef hæstvirtur þingmaður er að vitna í myndband sem hefur gengið á netinu þá hefur mér borist til eyrna að það hafi verið klippt eitthvað saman og falsað, ég sel það ekki dýrara en ég

kaupi það, en að þar séu orð tekin úr samhengi.“

#### Framsókn sem skilur fjölmiðla


Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra kallaði einu sinni eftir fjölmiðlum sem skildu Framsóknarflokkinn. Þá varð einhverjum að orði að það vantaði Framsóknarflokk sem skildi fjölmiðla. Það sem Silja Dögg vísaði til sem falsana, var hefðbundin vinna fjölmiðla við að klippa til og setja saman.

Orðin voru hins vegar sögð. Lára Hanna Einarsdóttir, sem setti myndbandið saman, orðaði þetta ágætlega í Stundinni: „En falsað er það vitaskuld alls ekki og nákvæmlega ekkert tekið úr samhengi. Ekkert. Ekki nokkur skapaður hlutur.“

kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Sterkur háskóli í þágu þjóðar

### REKTORSKJÖR



Guðrún Nordal frambjóðandi í rektorskjöri

Háskólar um allan heim eru í mikilli deiglu. Alls staðar knýja breytingar dyra. Tæknibreytingar ekki síður en breytingar á atvinnuháttum, áskoranir sem fylgja auknum hreyfanleika fólks og síaukinni upplýsingamiðlun. Áhrifin birtast með ólíkum hætti í örsmáu samfélagi eða hjá milljónaþjóðum. Spurt er hvort háskólamenntun búi nemendur nógu vel undir að takast á við áskoranir nútímans. Hvernig mælum við árangurinn af háskólanámi?

Allir háskólar í heiminum keppast um að komast sem hæst á listum sem þar sem árangur af rannsóknar- og kennslustarfi er mældur á staðlaðan hátt, svo að rannsóknararköst vaxa alls staðar. Allir háskólar keppa um bestu nemendurna. En geta þeir þá um leið verið menntastofnanir sem byggja á jöfnuði til náms?

Íslendingar hafa ekki efni á að velja aðeins eina leið. Háskóli Íslands er svo miklu meira en venjulegur háskóli; hann er ein mikilvægasta kjölfestan í okkar litla samfélagi. Um leið og hann tekur þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun þá á hann líka djúpar íslenskar rætur og þjóðar okkar samfélagi. Þetta tvíþenta hlutverk gefur Háskólanum sérstöðu í samanburði við nær alla skóla í stærri löndum. Samfélagið er miklu nær þeim

→ Háskóli Íslands er svo miklu meira en venjulegur háskóli; hann er ein mikilvægasta kjölfestan í okkar litla samfélagi.

sem starfa í Háskólanum; enda er hann eini skólinn sem býður upp á nám í nær öllum faggreinum. Þessi sérstaða leggur skólanum ljúfar skyldur á herðar.

Ég þekki sjálf úr minni grein að jafnframt því að hafa birt nær allar mínar rannsóknir á íslenskum miðaldabókmenntum á erlendum vettvangi og leiða alþjóðlega rannsóknahópa, er samtalið við íslenskt samfélag alltaf mikil áskorun. Okkur rennur flestum blóðið til skyldunnar. Áhrifin eru allt önnur en í hinu alþjóðlega starfi; þau snerta fólkið í þessu landi beint.

Það verður stórkostlegt verkefni fyrir næsta rektor Háskólans að leiða saman næstu fimm árin þessa tvo póla í okkar starfi, þjóðskólann og alþjóðlega rannsóknarháskólann, aðskilda póla sem þó eru jafn nátengdir og pólarinn á jarðarkringlunni. Annar getur ekki án hins verið. Háskólinn hlýtur að rækta sitt samfélag enda er það undirstaða þess að samfélagið styðji heilshugar við Háskólan.

# Komma á röngum stað

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur



Ýmsum þótti mannsbragð að því hjá Kristjáni Loftssyni að mæta sjálfur í Ríkisútvarpið til að ræða um 33% hækkun á launum til stjórnarmanna í Granda, sem samþykkt var samhljóða af fulltrúum hluthafa – líka fulltrúum lífeyrissjóðanna á meðan starfsfólki (sem á lífeyrissjóðina) er boðin 3,3% launahækkun. 33% – 3,3%. Þetta er Ísland í dag: komma á röngum stað.

## Hinn frekasti lifir af ...

En Kristján Loftsson mætti sem sagt í viðtal hjá RÚV, sem mörgum finnst eflaust kjarkað hjá manni með slíkt innlegg í viðkvæmar kjaraviðræður á Íslandi: Ég með mín ofsalaun á að fá tíu sinnum meiri hækkun fyrir ekkert en þið með ykkar skítalaun fyrir streð allan daginn af því að ég er tíu sinnum merkilegri en þið. Hann hafði að vísu ekki ýkja margt að segja annað en að svona væri þetta bara. Og nei, þessu yrði ekki breytt. Hann var á svipinn eins og hér væru að verki náttúruleg málm sem ekki væri á færi dauðlegra manna að hrófla við; hann yppti öxlum og brosti þolinmóðu en ögn tómlátu brosi eins og maður sem beðinn er um að stöðva eldgos.

Samt vitum við öll að ekk-

ert myndi svo sem gerast ef hann hætti störfum (annað en að Bandaríkjamenn færu kannski aftur að tala við Íslendinga). En hætti starfsfólk Granda að vinna lamast allt. Líklega er orðið tímabært að að leiða honum og hans kumpánunum þetta fyrir sjónir. Já og fólkinu sjálfu: kannski orðið tímabært að almennt verkafólk komist að því hvers virði það er.

Kristján Loftsson telur að hin náttúrulega skipan hlutanna sé sú að hann og hans kumpánar eigi allar auðlindir en fjöldinn eigi ekki neitt. Hinn frekasti lifir af. En kláðinn fer aldrei. Honum nægja ekki milljarðarnir sem hann fær til ráðstöfunar – og notar meðal annars til að stunda hvalveiðar í óþök heimsins, svo að Íslendingar eru ekki hafðir með í ráðum þegar kemur að ákvörðunum um raunveruleg hagsmunamál þeirra, sem snúast um verndun hafnsins fyrir losun alls kyns eiturefna. Honum nægja ekki þessir milljarðar sem hann ver svona viturlega – kláðinn hverfur ekki – hann þarf líka tvö hundruð þúsund krónur fyrir að mæta af og til á fundi til þess að náttúruleg málm geti haft sinn gang.

Ein versta vátta sem steðjar að íslensku samfélagi er síaukin stéttaskipting, misskipting gæða og verðmæta; auðöfnun fárra á kostnað fjöldans, undir forystu þeirra hugmyndafræðinga sem finnst ranglætíð rétt. Þar hafði kvótakerfið úrslitaáhrif: þegar þáverandi fjórflokkur kom því svo fyrir með lagasetningu að óveiddur fiskur í sjónum sé „eign“ tiltekinnna manna og fyrirtækja sem selja megi fram og til baka

og bókfæra – og veðsetja. Til urðu geysileg verðmæti sem engin innistæða var fyrir; bóla sem blés og blés út með kunnun afleiðingum. Og aftur eru fjármálaskáldin komin af stað og farin að spinna sinn auð án teljandi afskipta veruleikans.

## Stöðugleiki = misrétti

Talsmenn forstjóranna, sem kalla sig Samtök atvinnulífsins, reyna nú af veikum mætti að útskýra fyrir þjóðinni að vernda þurfi stöðugleikann og allt fari í uppnam ef kröfur verkalýðssamtaka um 300.000 króna lágmarkslaun ná fram að ganga. Samt er arður sjávarútvegsfyrirtækjanna brjálæðislegur, ekki síst út af krónunni sem almennt bitnar á þjóðinni að sé ríkjandi gjaldmiðill; og ætti þá arðurinn væntanlega að gagnast þjóðfélaginu í heild, en ekki bara renna í dynti og heimskupör á borð við tómsundaiðju Kristjáns Loftssonar.

Þeir vilja telja okkur trú um að tugprósenta launahækkanir til þeirra sjálfra sé náttúruleg málm og gott ef ekki stöðugleikinn sjálfur, en viðlíka hækkanir til almennings raski stöðugleikanum. Stöðugleikinn er bara annað orð yfir misrétti.

Ísland er láglaunaland. Lífskjör eru hér verri en víðast hvar í nágrannalöndum okkar og erfitt að útskýra fyrir ungu fólki til hvers það ætti að reyna að basla hér áfram. Húsnæðiskostnaður er ófyrstíganlegur. Matarverð er fráleitt, ekki síst á hollum og góðum mat sem í öðrum löndum er ódýr – grænmeti og ávöxtum – sem hér ætti þó að geta verið miklu

„Ein versta vátta sem steðjar að íslensku samfélagi er síaukin stéttaskipting, misskipting gæða og verðmæta...“

ódyrari, nyttu ylræktendur svipadrar fyrirgreiðslu stjórnvalda og stóriðjan. Samgöngur eru erfiðar og fólk neytt til að reka einkabíla með tilheyrandi kostnaði. Og svo framvegis.

Viðkvæmu jafnvægi þjóðarbúsins hefur nú þegar verið raskað af hálfu forstjóranna með óhóflegum kauphækkunum, sem þetta fólk samþykkir hvert öðru til handa með öllum greiddum atkvæðum; jafnvæginu var raskað af sjálfri yfirstéttinni – fjármagnsmöndurum, sem kalla sig stundum fjárfesta en væri kannski nær að kenna við fjárlos, því að þeir stunda það fremur að reyta fé út úr góðum rekstri en að festa það.

Komma á röngum stað. Munur á hæstu launum og meðallaunum almennings er orðinn ískyggilega mikill og endurspeglar ekki virði eða veruleika eða yfirleitt nokkurn skapaðan hlut. Of mikil stéttaskipting stuðlar að því að samfélagssáttmálinn rofnar og hinir sterku fara fram með rangsleitni í krafti auðs og valda; samfélagið verður ósanngjarnt, ranglætt og óskilvirkt. Samræða hljóðnar en skæklátog verður allsráðandi. Undirstöður grotna niður. Eðlileg réttindi í velferðarsamfélagi verða munaður útvalinna. Almennar leikreglur þoka en frekjurnar ráða.

## AF NETINU

### Daufasti flokkur í heimi?



Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs Gunnlaugs-sonar og Bjarna Benediktssonar er ofboðslega vond ríkisstjórn. Ekki er nóg með að hún sé

illa mönnuð, svo flestallir ráðherrarirnir mega kallast góðir ef þeir sleppa gegnum heila viku án þess að lenda í meiriháttar klúðri. Og að stjórnsýsla hennar er að mestu leyti rugl, og yfirgangur og frekja og barnalegur hroki vaða uppi. Heldur er stefna stjórnarinnar skelfileg líka. Markvisst og ákveðið er hlaðið undir ójöfnuð, sérhagsmuni og klíkuræði og baktjaldamakk auðkýfinga og sægreifa. Og sú stjórnarstefna er ekki bara ósanngjörn og óréttlát. Hún er líka heimskuleg og mun enda með ósköpum – við höfum dæmin fyrir okkur. Hrunið altsó. Og nú stefnir í mestu átök á vinnumarkaði í manna minnum. Maður skyldi því ætla að í stjórnmalaflokki sem kallar sig á hátíðarstundum „jafnaðarmannaflokk Íslands“ væri allt á blússandi fart. Já, alveg á suðupunkti.

Illugi Jökulsson

blog.pressan.is/illugi/



Vissir þú að...  
barnafær af mismunandi  
börnum eftir því  
hvor foreldrar þeirra gera.

www.n1.is

facebook.com/enneinn

## Þú færð réttu sumardekkinn hjá okkur

Bíleigendur vita að gott jarðsamband er lykillinn að góðu ferðalagi. Aktu inn í sumarið á nýjum dekkjum frá Hjólbarðapjónustu N1.



### Hjólbarðapjónusta N1:

Bíldshöfða	440-1318	Langatanga, Mosfellsbæ	440-1378
Fellsmúla	440-1322	Reykjavíkurvegi, Hafnarfirði	440-1374
Réttarhálsi	440-1326	Grænásbraut, Reykjanesbæ	440-1372
Ægissíðu	440-1320	Dalbraut, Akranesi	440-1394

### Opið

mánudaga-föstudaga kl. 08-18  
laugardaga kl. 09-13

www.n1.is/dekk



# Hjúkrunarfræðingar fram tíðarinnar og A-próf

Nýverið birtist í þessu blaði pistill þar sem því var velt upp hvort ákvörðun um það hverjir verða hjúkrunarfræðingar fram tíðarinnar ráðist með svokölluðu A-prófi en það er aðgangspróf fyrir háskólánám sem ætlað er að mæla almenna áunna færni við að tileinka sér flókið náms efni. Eins og kunnugt er þá hafa aðgangspróf í háskólánám með einum eða öðrum hætti verið notuð hérlendis og erlendis um árabil. Mér er sönn ánægja að upplýsa um málið og þakka áhuga á velferð hjúkrunarfræðinema og hjúkrunarfræðinga fram tíðarinnar.

Í Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hefur verið aðgangsstýring – numerus clausus – í BS-nám í hjúkrunarfræði um tveggja áratuga skeið. Nemendur hafa þreytt samkeppnispróf að lokinni haustönn fyrsta árs. Um 150-250 nemendur hafa hafið nám ár hvert og 70-95 nemendur hafa náð samkeppnisprófum. Brottfall úr námi er sáralítið og langflestir ljúka því á fjórum árum. Þannig hefur numerus clausus verið góður mælikvarði á það hverjum vegnar vel í hjúkrunarfræðinám.

Numerus clausus hefur samt sem áður ókosti. Ókostirnir eru m.a. þeir að tíma og fjármunum þeirra nemenda sem ekki komast í hjúkrunarfræðinám er ekki vel varið, nemendahópurinn er mjög stór og kennsluhættir og námsmat einhæft. Inntaka í nám í upphafi haustmiss-

eris fyrsta árs, eins og ráðgerð er með upptöku A-prófs, sparar tíma þeirra sem ekki komast áfram, hjúkrunarfræði verður kennd frá fyrsta degi sem ekki var í fyrra fyrirkomulagi og kennsluhættir verða fjölbreyttari í minni nemendahópi.

## Góður kostur

A-próf er góður kostur til að segja fyrir um hverjir eru líklegir til að farnast vel í námi í hjúkrunarfræði. Við undirbúning á upptöku A-prófs tóku nemendur á haustmisseri fyrsta árs prufu-A-próf og einkunnir þeirra voru bornar saman við árangur á numerus clausus-prófi sama misseris. Í ljós kom góð fylgni, þ.e.a.s. þeir sem fengu mörg stig á A-prófi fengu einnig háar einkunnir í numerus clausus. Einnig hefur komið í ljós að tengsl eru milli árangurs í íslensku, ensku og stærðfræði í námi til stúdentsprófs og árangurs á numerus clausus-prófi en þessar sömu námsgreinar eru mikilvægir þættir A-prófsins.

Markmið og áherslur sem lagðar eru með A-prófi og numerus clausus eru í raun hliðstæð. Í þessum prófum eru engu að síður margir mikilvægir þættir ekki metnir, þar á meðal færni í samskiptum, færni í að meta og taka ákvarðanir um aðgerðir til dæmis hjá lífshættulega veikum sjúklingum og fleira. Þeir þættir eru metnir síðar í náminu þegar nemendur hafa fengið tilskilda kennslu og þjálfun og

hægt er að leggja mat á raunverulega færni til starfa. Því er engin trygging fengin fyrir því að sá sem stendur sig vel á A-prófi muni útskrifast sem hjúkrunarfræðingur, en líkurnar eru góðar. Eins og áður þurfa nemendur að leggja á sig mikla vinnu og árvekni. Hjúkrunarfræðinám er mjög fjölbætt, einkum þegar fram í sækir. Þekkingin er margvísleg; hin sértæka þekking í hjúkrunarfræði er nátengd þekkingu í líf- og heilbrigðisvísindum, hugvísindum, félagsvísindum og eiginlega flestum sviðum vísinda og byggir að miklu leyti á þeim.

Fram undan eru spennandi tímar fyrir ungt fólk sem hefur áhuga á hjúkrunarfræði. Þann 12. júní nk. verður næst haldið A-prófi. Fyrir þann tíma, eða þann 5. júní, er lokadagur skráningar bæði í A-prófið og nám í Hjúkrunarfræðideild. Um mánaðamótin júní-júlí nk. munu niðurstöður samlagðs árangurs A-prófs (70%) og árangurs á stúdentsprófi í íslensku, ensku og stærðfræði (samanlagt 30%) liggja fyrir. Eftir það verður þeim 100 sem hæstu einkunn fá boðið að hefja BS-nám í hjúkrunarfræði næsta haust.

Starfs- og námsmöguleikar hjúkrunarfræðinga eru einstakir. Þeir eru eftirsóttur starfskraftur víða um heim við margvísleg krefjandi og gefandi störf. Möguleikar til framhaldsnáms eru margir og eftirsóttir. Hjúkrunarfræðingar eru burðarás heilbrigðisþjónustu fram tíðarinnar. Það er spennandi fyrir hvern þann sem hefur tækifæri til að vera þátttakandi í þeirri vegferð.

# Forsætisráðherra axlar ábyrgð

Það kom að því að þjóðin eignaðist mann við Austurvöll, sem axlar ábyrgð á meðferð skattpeninga. Ekki var það þannig, þegar Landsímahúsið var selt og annað húsnæði tekið á leigu eftir innréttingar á kostnað Jóns og Gunnu. Það er verdugt markmið að koma Alþingi í eigið húsnæði fyrir 100 ára afmæli fullveldisins. Haldið er fram að við breytingu LSH frá Hringbraut tefjist ný hönnun byggingar sjúkrahússins um allt að tíu ár. Það er alrangt. Sjúkrahúsið verður bæði fyrr tilbúið, betra og ódýrara verði nú strax breytt frá Hringbraut í Fossvog.

Í fyrsta lagi er byggingasvæði mikið aðgengilegra í Fossvogi og að mestu uppgröftur, en við Hringbraut er mest klöpp. Miklu fljótlegra og ódýrara er að byggja hátt hús í Fossvogi, en mörg lágreist hús dreifð yfir stórt svæði við Hringbraut. Best væri að byrja strax jarðvinnu og grafa út alla löðina. Teikna og hanna húsið samtímis því, þannig að vinna við grunn og uppsteypu geti hafist strax að uppgrefti loknum.

Í öðru lagi eru góðir arkitektar orðnir sérfræðingar í hönnun sjúkrahúsa eftir reynsluna af hönnun sjúkrahúss við Hringbraut, þar sem þeim var þröngur stakur sniðinn. Eflaust hefði margt verið leyst á annan hátt, ef nóg hefði verið plássíð. Fáir þeir tækifæri til að hanna nýtt hús frá grunni í Fossvogi þá munu þeir vera snöggir að því og í leiðinni sníða af ýmsa vankanta, sem kunna að vera á húsinu við Hringbraut.

## SKIPULAG



Sigurður Oddsson  
verkfræðingur

## Of lítið pláss á lóð RÚV

Ég hefi fylgst með umræðunni um byggingu háskólasjúkrahúss í mörg ár. Í byrjun var rætt um Hringbraut, Fossvog og Vífilstaði. Eini samanturður á staðsetningu, sem ég hefi séð var fyrir nokkrum árum. Þá báru forstjóri og framkvæmdastjóri LSH Hringbraut saman við einið hvern stað fyrir utan Elliðaár. Niðurstaðan var Hringbraut í hag. Hún byggðist á forsendum, sem áttu betur við Fossvog, en Hringbraut. Þannig sönnuðu þeir að nýr spítali væri best staðsettur í Fossvogi.

Ég hefi blandað mér í umræðuna um nýjan spítala með nokkrum blaðagreinum, sem margar hafa endað með hvatningu til þess að gerður væri raunhæfur samanturður á Hringbraut og Fossvogi. Ánægjulegt er að nú sé forsætisráðherra, sem hugsar út fyrir kassann og hefur kjark til að láta skoða hlutina miðað við aðstæður dagsins í dag.

Ekki líst mér á að byggja sjúkrahúsið á lóð RÚV. Þar er of lítið pláss. RÚV má bjarga á einfaldari hátt með því að sameina Rás 1 og 2 í eina Rás. Líklega nægir að hætta að endurflytja efni til að fá eina góða rás, sem væri ódýrari rekstur en tvær. Þann hluta lóðar, sem ekki nýtist RÚV mætti selja fyrir byggingu minni íbúða, eins og nú er í tísku. Margir vinnustaðir og skólar eru í hjólaferi við Háaleiti og LSH í göngufæri. Það væri ekki ónýtt fyrir LSH að eiga blokk þar til útleigu fyrir starfsfólk!



## Ábyrgð fylgir!

Fjór hjóladrífir með reynslu

Allt að 7 ára  
ábyrgð fylgir  
notuðum Kia\*

afborgun aðeins:  
44.900 kr./mán.



### Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 39 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjór hjóladrífir, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.990.000 kr.

Bílafjármögnun Landsbankans

Afborgun aðeins 44.900 kr. á mánuði m.v. 2.495.000 kr. útborgun og 50% bílalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,16% árlig hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.



### Kia Sportage EX

Árgerð 2/2013, ekinn 47 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskíptur, fjór hjóladrífir, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.790.000 kr.



### Kia Sportage EX

Árgerð 2/2013, ekinn 33 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskíptur, fjór hjóladrífir, eyðsla 5,7 l/100 km.

4.790.000 kr.



### Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 56 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjór hjóladrífir, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.890.000 kr.



### Kia Sportage EX

Árgerð 12/2013, ekinn 56 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, fjór hjóladrífir, eyðsla 6,9 l/100 km.

4.890.000 kr.

Kletthálsi 2  
110 Reykjavík  
590 2160

Opnunartími:  
Virka daga 10-18  
Laugardaga 12-16



NOTAÐIR BÍLAR  
www.notadir.is



# Virkir foreldrar skapa betri skóla

Í ár eru tímamót hjá Heimilis og skóla – landssamtökum foreldra. Foreldraverðlaunin verða afhent í tuttugasta sinn þann 20. maí nk. við hátíðlega athöfn í Safnahúsinu við Hverfisgötu að viðstöddum mennta- og menningar-málaráðherra.

## SAMFÉLAG



Anna Margrét Sigurðardóttir formaður Heimilis og skóla

### Samstarf foreldra

Foreldraverðlaunum Heimilis og skóla er ætlað að beina sjónum að því sem vel er gert í skólasamfélaginu og að því gróskumikla starfi sem á sér stað með börnum í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Við val á verkefnum er horft til þess að þau feli í sér aukið samstarf skóla, heimila og annarra aðila sem vinna og stuðla að æskulýðsstarfi í sínu nærsamfélagi. Einnig er litið til þess hvort verkefni hafi skapað jákvæðar hefðir í samfélaginu og hvort þau hafi náð að festast í sessi. Mikil viðurkenning felst í því að fá tilnefningu til Foreldraverðlauna og í því felst hvatning til þeirra sem oft og tíðum leggja á sig ómælda vinnu.

### Virkir foreldrar

Samstarf foreldra innan skóla felur í sér mikinn auð og er mikilvægur liður í að skapa jákvæðan skólabrag. Jákvæður skólabragur hefur hvetjandi áhrif á nám og líðan barna í skólum landsins og stuðlar að bættu samstarfi milli skóla og foreldra. Þó geta ekki allir for-

eldrar tekið þátt í foreldrasamstarfi en þrátt fyrir það hefur jákvæður skólabragur og samvinna foreldra í bekkjardeildum áhrif á alla nemendur og hefur ótvíræð áhrif á námsárangur og að auki óumdeilt forvarnargildi þegar fram í sækir. Óflugt foreldrasamstarf skapar hefðir sem skila sér í bættu samfélagi og betri uppeldisskilyrðum fyrir börn og ungumenni. Fjölmargar rannsóknir styðja þetta og benda til þess að gott samstarf

milli heimila og skóla stuðli að betri líðan og námsárangri barna, auknu sjálfsöryggi og jákvæðara viðhorfi. Virkir foreldrar skapa betri skóla.

### Af hverju Foreldraverðlaun?

Einn tilgangur Foreldraverðlaunanna er að koma á framfæri verðugum verkefnum sem aðrir geta tekið upp og aðlagð að sínu nærsamfélagi en fjölmörg dæmi eru um verkefni sem skólar og foreldrar hafa unnið að og sniðið að eigin samfélagi. Til gamans má geta að Foreldrahandbók Heimilis og skóla, sem mörg foreldrafélög

á landinu vinna eftir, er dæmi um verkefni sem hlaut Foreldraverðlaunin á sínum tíma. Allir geta tilnefnt til Foreldraverðlauna, hvar sem er á landinu. Einnig er hægt að tilnefna Dugnaðarfork Heimilis og skóla en þá er verðlaunaður einstaklingur sem með starfi sínu hefur skarað fram úr og stuðlað að bættu samstarfi heimila og skóla.

### Jákvæður skólabragur

Hvernig skapast hefðir í skólasamfélaginu og hvernig er þeim viðhaldið? Sú samfélagsvinna sem foreldrar leggja til er auðlind sem vert

er að veita eftirtekt. Nýir foreldrar koma inn í skólasamfélagið og halda áfram verkefnum sem unnið hefur verið að og skapað hafa hefðir. Foreldrar eru eins og órofa keðja sem viðheldur hefðum sem eiga þátt í að móta jákvæðan skólabrag sem er mikilvægur í öllu skólastarfi. Litum til okkar skólasamfélags og gefum því gaum hvort þar sé unnið að verkefnum sem vert er að tilnefna. Hægt er að skila inn tilnefningum til Foreldraverðlauna og Dugnaðarforks Heimilis og skóla á heimasíðu samtakanna, www.heimilioskoli.is, fram til 6. maí nk.

# Leggðu grunn að framtíðinni og Landsbankinn bætir 6.000 krónum við

Þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag inn á sama reikning. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

## Af hverju er opið 1. maí?

1. maí er rauður dagur. 1. maí er alþjóðlegur baráttudagur launafólks. Af hverju eru verslanir opnar þann 1. maí?

Rúmlega 90 ár eru liðin frá því fyrsta kröfugangan var farið þann 1. maí á Íslandi og tæplega fimmtíu ár síðan dagurinn varð lögskipaður frídagur hér á landi. Flest eigum við því frí þann 1. maí. Þeir sem eru í vinnu eru í flestum tilfellum að annast þá sem minnst mega sín eða að tryggja öryggi okkar hinna. Nema þegar kemur að versluninni. Það er því miður oft þannig að verslunarfólk er við störf þegar aðrir eru í frí. Við viljum hafa verslanir opnar um helgar og jafnvel langt fram á kvöld. Gott og vel, þjóðfélagið breytist og kröfurnar aukast. En er virkilega þörf á því að hafa svona margar verslanir opnar þann 1. maí – á sjálfum baráttudegi launafólks?

Um hvað snýst þessi dagur?

Undanfarin ár höfum við hjá VR hvatt til þess að opnunartími verslana taki mið af því sem er að gerast í þjóðfélaginu en byggist ekki eingöngu á kröfum um aukna þjónustu. Þessi dagur, 1. maí, er baráttudagur allra launamanna. Á þessum degi eigum við að minnst þess sem hefur áunnist í baráttunni fyrir bættum kjörum og huga að því sem enn þarf að berjast fyrir.

VR hafði forgöngu um að frídagur verslunarmanna yrði skilgreindur sem stórhátíðardagur og er greitt fyrir vinnu þann dag samkvæmt því. Að okkar mati á hið sama að eiga við um 1. maí. Gleymum því ekki um hvað þessi dagur snýst!

Ég hvet verslunareigendur til að endurskoða opnunartímamann og hafa lokað þegar ástæða er til – eins og 1. maí.

## KJARAMÁL



Ólafía B. Rafnsdóttir formaður VR

hér á landi. Flest eigum við því frí þann 1. maí. Þeir sem eru í vinnu eru í flestum tilfellum að annast þá sem minnst mega sín eða að tryggja öryggi okkar hinna. Nema þegar kemur að versluninni. Það er því miður oft þannig að verslunarfólk er við störf þegar aðrir eru í frí. Við viljum hafa verslanir opnar um helgar og jafnvel langt fram á kvöld. Gott og vel, þjóðfélagið breytist og kröfurnar aukast. En er virkilega þörf á því að hafa svona margar verslanir opnar þann 1. maí – á sjálfum baráttudegi launafólks?

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

## Beljur þá reknar um götur bæjarins

Kópavogsbær fagnar 60 ára afmæli í ár með stórtónleikum í Kórnum. Helgi Pétursson, uppallinn Kópavogsbúi, og Saga Garðarsdóttir Kópavogsvinur kynna tónleikana. Helgi telur gott uppeldi ástæðuna fyrir því hversu margir tónlistarmenn séu frá Kópavogi

Kópavogsbær fagnar 60 ára afmæli í ár. Af því tilefni er Kópavogsbúum og velunnurum bæjarins boðið á stórtónleika í Kórnum í Kópavogi sunnudaginn 10. maí. Helgi Pétursson úr Ríó Trío og Saga Garðarsdóttir verða kynnar tónleikanna en þar koma fram 600 manns sem eiga það sameiginlegt að vera Kópavogsbúar eða eiga rætur sínar að rekja til Kópavogs.

Helgi Pétursson flutti í Kópavog árið 1955, þá sex ára gamall. Hann segir himin og haf vera milli þeirrar sveitar þar sem hann ólst upp og þess bæjar sem Kópavogur er orðinn að í dag.

„Fólk gerir sér ekki grein fyrir hvað þetta var mikið frumbýli, fólk sem flutti í Kópavoginn var fólk sem fékk ekki lóðir annars staðar. Í minningunni var þetta ofboðslega mikið af ungu fólki og krökkum. En Kópavogur hefur alltaf lagt mikla áherslu á velferð barna, til dæmis var skóli og félagsheimili byggt fljótt en gatnakerfið sat á hakanum. Kópavogsbúar voru því vanir að aka um á malarvegum,“ segir Helgi.

„Ég bjó innst á Digranesvegi en Digranesbærinn var enn þá sveitabær og beljur voru reknar um götur

Við vorum í algjörri sveit sem óx í bæjarfélag á örskömmum tíma.

bæjarins.“ Helgi segir mikið líf hafa verið við Kópavogslækinn þar sem var fiskvinnsla og lakkrisgerð. „Þar sem Smárahverfið er í dag, þar voru bara sandgryfjur, við vorum í algjörri sveit sem óx í bæjarfélag á örskömmum tíma.“

Helgi telur ástæðu þess að svo margir góðir tónlistarmenn komi frá Kópavogi vera hvað vel sé hugsað um börnin og skólarnir og tónlistarskólinn séu góðir. En meðal þeirra sem koma fram á afmælistónleikunum eru Ríó Trío ásamt Snorra Helgasyni, Salka Sól Eyfeld, Erpur Eyvindarson, Sigga Beinteins og Stefán Hilmarsson, ásamt fleiri góðum tónlistarmönnum, kórum og Skólahljómsveit Kópavogs.

Það verða ýmsar aðrar upptökur í bænum í tilefni afmælisins. Þar má nefna heimatónleika Björns Thoroddsen, sundlaugafjör, afmælistöku í Smáralind og margt fleira.



HELGI PÉTURSSON OG SAGA GARÐARSDÓTTIR verða kynnar á stórtónleikum. Saga rýnir í Kópavog með glöggu gestsauga en Helgi lumar á mörgum sögum úr Kópavogi frá fyrri tíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/NA

### 100 ára afmæli



**ODDUR JÓNSSON**  
frv. bóndi frá Sandi í Kjós.  
Hann dvelur nú á Hjúkrunarheimilinu Ísafold í Garðabæ.

Oddur mun fagna þessum merka áfanga með ættingjum og vinum í samkomusal Ísafoldar milli kl. 15.00 og 18.00 í dag.

## Boðaði trú í Kína í 14 ár

Ólafur Ólafsson var fátækur sveitadregur sem fylgdi köllun sinni og gerðist kristniboði í Kína. Lærði kvikmyndatöku og tók upp ferðir sínar. Í ágúst eru 120 ár frá fæðingu hans.

Í ágúst á þessu ári eru 120 ár liðin frá fæðingu Ólafs Ólafssonar kristniboða. Ólafur fór árið 1924 til Kína og starfaði þar sem kristniboði í 14 ár. Í tilefni af 200 ára afmælisári Hins íslenska Biblíufélags verður haldin málstofa um Ólaf á morgun kl. 12.10-12.50. Þar mun Margrét Jóhannesdóttir, barnabarn Ólafs, flytja erindi um afa sinn.

„Ég ætla að segja frá ævi hans og hvað varð til þess að fátækur sveitadregur fékk köllun til að fara út og segja frá Jesú,“ segir Margrét. Ólafur fór til Noregs með nánast enga menntun og hóf nám í skóla fyrir kristniboða í Ósló. Eftir það ferðaðist hann til Kína og boðaði trúna. „Hann kom heim 1938 og ætlaði sér alltaf út aftur en það braust út stríð svo það varð ekki af því.“ Þegar Ólafur kom heim ferðaðist hann um landið og sagði frá því sem hann upplifði. Á ferðum sínum sýndi hann kvikmynd sem hann tók upp í Kína. „Hann lærði tæknina af Ameríkana sem ferðaðist um Kína fyrir 1930 og tók nokkrar myndir og klippti þær saman.“ Ólafur sat einnig í stjórn

Biblíufélagsins og átti mikinn þátt í stofnun Gídeonfélagssins á Íslandi. Á málþinginu verður sýnt brot úr kvikmynd Ólafs og lesið upp úr frásögn af lífi hans í Kína. Þá mun séra Ragnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri SÍK, flytja erindið „Ólafur, kristniboði með sýn á útbreiðslu Biblíunnar“.

Málstofan verður haldin í sal SÍK, Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, Háaleitisbraut 58-60, 3. hæð. -sgg



ÓLAFUR ÓLAFSSON Ferðaðist ungur til Kína og boðaði kristna trú. Tók upp kvikmyndir á ferðum sínum og sýndi eftir að hann sneri heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/NA



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**PÓRÐUR GUÐMUNDUR GUÐLAUGSSON**

sem lést á heimili sínu, Hrafnistu í Kópavogi, sunnudaginn 12. apríl, verður jarðsungið frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 22. apríl kl. 15.00.



Ólöf Sigurðardóttir

**Aðalsteinn Þórðarson** Sigríður Ebba Þórisdóttir  
**Guðlaugur Þórðarson**  
**Brynja Þórðard.** Mathisen  
**Ásdís Þórðardóttir** Eyjólfur Ísfeld Eyjólfsson  
**Þórður Ólafur Þórðarson** Hörn Hrafnadóttir  
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og tengdafaðir, afi og langafi,

**STEFÁN SKAFTASON**  
fv. yfirlæknir og prófessor,

lést á heimili sínu 9. apríl. Útförin fer fram frá Digranes Kirkju mánudaginn 20. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Minningarsjóð líknardeilda og heimahlyningar í Kópavogi eða UNICEF á Íslandi.



Maj Skaftason

**Hauður Helga Stefánsdóttir** Hafberg Þórisson  
**Anna Marie Stefánsdóttir** Guðni Ragnar Björnsson  
**Jóhann Stefánsson** Hanna-María Kauppi  
barnabörn og barnabarnabörn.


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.



Útfarar- og lögfræðipjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi



Elin Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri Þorsteinn Elísson útfararpjónusta Snævar Jón Andrésson útfararpjónusta Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri



Guðmundur Baldvinsson útfararpjónusta Jón G. Bjarnason útfararpjónusta Ellert Ingason útfararpjónusta Katla Þorsteinsdóttir lögfræðipjónusta Gestur Hreinsson útfararpjónusta

Við þjónum allan sólarhringinn  
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - [www.utfor.is](http://www.utfor.is)





GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is

# PROCTO-EZE NÝJUNG VIÐ GYLLINÆÐ

**LYFIS KYNNIR** Procto-eze krem og Procto-eze hreinsir fyrir gyllinæð. Procto-eze kremið er ætlað við ertingu og óþægindum vegna gyllinæðar og hreinsirinn hreinsar, róar og frískar óþægindasvæðið. Procto-eze fæst í apótekum.

Gyllinæð eru bólgna og þrútnar æðar í eða við endaparmsopið og kemur fyrir hjá um 50% einstaklinga einhvern tíma ævinnar. Blæðing úr endaparmi ásamt kláða og sársauka eru helstu einkenni gyllinæðar og er hún algengust hjá eldra fólki og konum á meðgöngu.

„Procto-eze kremið var sérstaklega þróað sem mjúkt og létt krem sem húðin dregur hratt í sig,“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. Kremið veitir góða vörn með því að búa til vatns-fitufilmu yfir erta svæðið. Vörnin dregur úr kláða og sviða og meðferðarsvæðið verður mýkra og rakara, sem kemur í veg fyrir að húðin springi og valdi óþægindum.

„Vörurnar eru í íslenskum umbúðum og fylgja góðar leiðbeiningar á íslensku,“ segir Hákon.

## PROCTO-EZE KREM HEFUR EFTIRFARANDI KOSTI

- Stjaka fylgir með - auðvelt í notkun
- Inniheldur ekki stera
- Byggir á náttúrulegum innihaldsefnum
- Þoldist vel í 12 vikna klínískri rannsókn
- Má nota á meðgöngu



**LYFIS**  
Traust í lyfjum

PROCTO-EZE

## ÞRÍÞÆTT VERKUN

- VÖRN
- RAKAGEFANDI
- GRÆÐANDI

## FYRIR HÁMARKS ÁRANGUR ER MÆLT MEÐ NOTKUN Á PROCTO-EZE HREINSI SAMHLIÐA PROCTO-EZE KREMI

Procto-eze hreinsir er hreinsifroða sem ætluð er til að viðhalda hreinlæti og draga úr óþægindum tengdum gyllinæð. Froðan hreinsar, róar og frískar óþægindasvæðið. Hún hentar vel til að nota í sturtu og kemur í stað sápu sem oft ertir viðkvæmt svæðið.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.



TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



PROCTO-EZE HREINSIR

# SÓFADAGAR

NÝ SENDING AF SVEFNSÓFUM



INNOVATION™

## Svefnsofi Cube 140 Deluxe

Stærð svefnflatar 140x200 cm  
Litir: Ljóst / dökkt  
Verð kr. 199.000,-

Nú aðeins kr. 129.935

Einnig fánlegur í 90 cm og 200 cm breidd

## Þægilegur svefnsofi m/tungu

Stór rúmfatageymsla  
Auðveldur í notkun  
Stillanlegir höfuðpúðar  
Þykkt gæðaleður

Stærð: Breidd: 244 cm  
Dýpt: 165 cm / Hæð: 94 cm

Kynningarverð aðeins kr.

299.900



10-35%  
afsláttur af nokkrum eldri gerðum

12 mán.  
vaxtalaussar greiðslur\*

\*3.5% lántökugjald

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

# JARÐVEGSGERÐ FYRIR LETINGJA

**GARÐURINN** Nikulás Friðrik Magnússon er mikill áhugamaður um garðrækt. Hann segir ekki flókið mál að stunda jarðvegsgerð heima. Það geri ekki bara plöntunum í garðinum gott heldur minnkar umfang heimilissorpsins talsvert.

[binni@remax.is](mailto:binni@remax.is)



María Kristín Jónsd.

Sölufulltrúi

821 7676



Sylvía Walthersd.

Lögg. fasteignasali

477 7777



RE/MAX  
Alpha

Skeifunni 17 - 108 Reykjavík - Sími: 477 7777



# VEFVERSLUN WWW.ELKO.IS

# EINFALT, ÖRUGGT

# OG FLJÓTLEGT!

ALLT AD 10.000 VÖRUR Í BODI – OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN

FÁÐU VÖRUNA SENDA!  
SAMI FLUTNINGSKOSTNAÐUR HVERT Á LAND SEM ER

**ÓDÝRT HVERT SEM ER 500\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN  
\*Smá tæki <0,2m<sup>3</sup> á pósthús

**ÓDÝRT HVERT SEM ER 4.995\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN  
\*Stór tæki >0,2m<sup>3</sup> á pósthús

**ÓDÝR HEIMSENDING 4.995\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN

**ÓDÝR HEIMSENDING 500\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN

**ÓDÝR HEIMSENDING 4.995\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN

**ÓDÝR HEIMSENDING 500\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN

**ÓDÝR HEIMSENDING 500\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN

**ÓDÝR HEIMSENDING 500\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN

**ÓDÝR HEIMSENDING 4.995\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN

**ÓDÝR HEIMSENDING 500\* kr.**  
EF PANTAD Í SÍMSÖLU 575-8115 / VEFVERSLUN

## ERTU ALLTAF Á HRADFERÐ OG BÝRD Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU?

ELKO býður upp á heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Sendibíll ELKO eða Pósturinn reddar öllum pökkum, stórum sem smáum heim að dyrum.

Fáðu smápakka sendan beint heim eða í fyrirtæki með sendlaþjónustu Póstsins á milli kl. 12-16 alla virka daga fyrir aðeins **1.295 KR.**

## EKKERT VESEN

Þú getur valið um að sækja vöruna þína í verslun ELKO í Lindir. Ekkert vesen og við sjáum um að tína til vörunar. Kostar ekkert!

**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á WWW.ELKO.IS**

# ELKO

GRANDI-LINDIR-SKEIFAN-VEFVERSLUN  
PANTAÐU Í SÍMA 575-8115 SKIPTIBORD ELKO 544-4000 WWW.ELKO.IS



MARKY RAMONE



JENNIFER ANISTON



MALCOLM MCDOWELL

# Hjólasendlar sem urðu frægir

Heimspæktir leikarar og aðrir skemmtikraftar eru fæstir fæddir inn í heim frægðarinnar. Flestir þurftu að framfleyta sér með hinum ýmsu störfum áður en stóra tækifærið rak á fjörur þeirra. Hér eru nokkur dæmi um frægt fólk sem starfaði sem hjólasendlar.



## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.\*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.

Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupósthafi fjolpostur@frettabladid.is

### FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

\*Prentmiðlökunum Capacent október-december 2012 - höfuðborgarsvæði 25-54 ára

### Þrettánda skrefið

Trommarinn Marky Ramone úr hljómsveitinni The Ramones hefur upplifað ýmislegt á tónleikaferðalögum sínum um heiminn sem hann segir frá í æviminningum sínum Punk Rock Blitzkrieg: My Life as a Ramone. Þar greinir hann einnig frá lífi sínu sem hjólasendill í New York þar sem hann fór huldu höfði. Ramone ákvað að gerast hjólasendill fljótlega eftir að hann kláraði skrefin tólf sem AA-samtökin vinna eftir. Hann var ekki tilbúinn að snúa aftur í líf tónlistarmannsins og ákvað því í staðinn að hjóla um götur stórborgarinnar. „Ég gerðist hjólasendill, vaknaði klukkan hálfsex á morgnana, borðaði morgunmat og fór með hjólið í neðanjarðarlestinni á vinnustaðinn. Ég klæddist joggingbuxum og hjólaskóm og greiddi hárið undir derhúfu. Á þessum tíma var ég ekki Marky Ramone, heldur nafnlaus hjólasendill,“ segir hann í bókinni.

### Var lækkuð í tign

Grínistinn, uppistandarinn og leikkonan Janeane Garofalo er hvað þekktust fyrir hlutverk sín í The Truth About Cats and Dogs, Wet Hot American Summer, The Matchmaker, Reality Bites, Steal This Movie! og Clay Pigeons. Hún hefur greint frá því þegar hún starfaði sem hjólasendill á götum Boston. „Ég starfaði sem hjólasendill í miðbænum á níunda áratugnum. Reyndar var ég mjög léleg og ég var lækkuð í tign og var því gangandi sendill.“

### Erfiðasta starfið

Áður en Jennifer Aniston sló í gegn sem Rachel í þáttunum Friends sinni hún hinum ýmsu störfum meðan hún stritaði við að koma sér á framfæri sem leikkona. Aniston sagði frá því á kynningarfundi fyrir myndina Horrible Bosses að hún hefði starfað við að sendast með pakka og pinkla á hjóli í New York þegar hún var nítján ára. Hún sagði að það væri erfiðasta starf sem hún hefði nokkru sinni gegnt. Þegar bent var á að hugmyndin um hana sem hjólasendil væri draumkennnd svaraði Aniston að hún hefði verið sérlega

klaufsk. „Mína verstu stund upplifði ég þegar ég keyrði inn í hurð sem var að opnast.“

### Slæm bók um sendlastarfið

Bandaríski rithöfundurinn Henry Miller skrifaði sína fyrstu bók árið 1922 sem hét Clipped Wings, saga tólf sendla hjá Western Union. Bókina byggði hann á samstarfsfélögum sínum frá því hann starfaði sem hjólasendill. Miller lýsti bókinni sem „þeirri verstu sem nokkurn tíma hefur verið skrifuð“. Handrit bókanna hefur löngu týnst.

Miller skrifaði meira um hjól. Til dæmis My Bike and Other Friends, sem er í raun langt ástarbréf til hjólsins. „Eftir nokkurn tíma, þegar ég var vanur því að vera marga klukkutíma á dag á hjólinu mínu, hafði ég æ minni áhuga á vinum mínum. Hjólið mitt var nú orðið eini vinur minn. Ég gat treyst á það sem var meira en ég gat sagt um félagana. Verst að enginn skyldi taka mynd af mér með vini mínum. Ég myndi gefa hvað sem er til að vita hvernig við tókum okkur út.“

### Hjólið veitti frægðina


Stórleikarinn Malcolm McDowell sem hlaut frægð fyrir hlutverk sín í A Clockwork Orange og Caligula starfaði sem hjólasendill í London meðan hann kom fótum undir sig sem leikari. Hann viðurkennir að vinnuhjólið hafi átt stóran þátt í frægð hans. „Ég var sendill sem átti að hjóla um London með skilaboð. Það var frábært því það þýddi að ég gat notað hjólið til að komast um alla borgina og notað vinnutímann til að fara í áheyrnarprufur.“

### Fer í fjölskylduhjólaferðir

Bandaríski leikarinn, framleiðandinn og leikstjórinn Liev Schreiber, sem hefur leikið í myndum á borð við X-Men Origins: Wolverine og Salt, þekkir götur New York-borgar eins og lófann á sér. Hann og eiginkona hans, Naomi Watts, fara reglulega í hjólaferðir um borgina með börnum sínum. Watts hefur greint frá því að Schreiber sé fyrrverandi hjólasendill og geti því leitt fjölskylduna um skemmtilegar slóðir borgarinnar sem hann kynntist í gegnum starfið.



HENRY MILLER



JANEANE GAROFALO



LIEV SCHREIBER

# Maturinn heim að dyrum eða í vinnuna

Netverslun Hagkaups er með þeim elstu hér á landi. Árið 2012 var farið að leggja meiri áherslu á matvöru í netversluninni og sífellt fleiri á höfuðborgarsvæðinu kjósa að fá vörurnar sendar heim að dyrum eða í vinnuna.

Hagkaup opnaði netverslun árið 2008 en hún var ein sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi. „Við erum því komin með víðtæka reynslu. Við erum með um tólf þúsund vörur í netversluninni og er hægt að panta með ýmsum hætti,“ segir Ármann Árnason, þróunar- og rekstrarstjóri fjarverslunar Hagkaups. „Við reynum að koma til móts við þarfir ólíkra hópa og tökum við pöntunum í gegnum síma, tölvupóst og netið. Tilfinningin er sú að þeir sem eldri eru kjósi oft að panta í gegnum síma. Fyrirtæki, sem oft eru með samskonar pöntun aftur og aftur, panta oft í gegnum tölvupóst og svo er stór hópur sem vill skoða og velja á vefnum,“ útskýrir Ármann.

## Frí heimsending ef keypt er fyrir 7.500 kr. eða meira

Verðið í netversluninni er almennt það sama og í verslunum Hagkaups en stundum eru sérstök nettilboð í boði í netversluninni. Hagkaup býður upp á heimsendingarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu sem er ókeypis ef keypt fyrir 7.500 krónur eða meira en annars er sendingarkostnaðurinn 1.000 krónur. „Við erum með bíl og sendil á okkar vegum á höfuðborgarsvæðinu en pantanir út fyrir höfuðborgarsvæðið og út fyrir landsteinana eru sendar með póstinum og tekur sendingar-

kostnaðurinn þá mið af þyngd pöntunarinnar. Það eru líka alltaf fleiri og fleiri á höfuðborgarsvæðinu sem nýta sér að fá vörurnar sendar í vinnuna til að taka með sér heim að loknum vinnudegi. Á höfuðborgarsvæðinu eru matarpantanir afgreiddar næsta virka dag frá því þær berast, á milli 10 og 19, en sérvörupantanir eins fljótt og auðið er. Á höfuðborgarsvæðinu geta viðskiptavinir líka komið í verslanir Hagkaups alla virka daga, valið í körfu, greitt við kassa og látið senda vörurnar heim. Vörurnar eru þá keyrðar heim á milli 10 og 19 en vörur sem keyra á heim á milli 17 og 19 verða þó að vera afgreiddar á kassa fyrir klukkan 16,“ upplýsir Ármann.

Árið 2012 var að sögn Ármanns farið að leggja áherslu á matvörur í netversluninni. „Við sáum strax að eftirspurnin var mikil og höfum aukið matvöruúrvalið jafnt og þétt. Salan hefur svo aukist samhlíða auknu úrvali og erum við nú með yfir 4.000 matvörur í netversluninni. Við leggjum mikinn metnað í vöruframsetningu í netversluninni og er hver einasta vara mynduð og greinargóð veflýsing sett inn. Einnig er skráð þyngd á allar vörur í netversluninni þannig að ef senda á vörurnar út fyrir höfuðborgarsvæðið er hægt að sjá strax í þrepi 1 í innkaupakörfunni hver sendingarkostnaðurinn er.“



Farið var að bjóða upp á matvöru í netverslun Hagkaups árið 2012 og er hún nú umfangsmesti hluti hennar.

Ármann segir töluvert af matavöru fara út á land enda Hagkaup með sérstaklega gott og fjölbreytt matvöruúrval. „Það borgar sig þó ekki að senda frost- og kælivörur þar sem ekki er hægt að tryggja að vörurnar séu í neysluhæfu ástandi þegar þær berast viðskiptavininum. Fyrir utan matinn eru það helst leikföng, snyrtivörur, skemmtiefni og ýmsar árstíðabundnar vörur

líkt og grill, reiðhjól og útileguvörur sem fólk pantar í gegnum netverslunina.“

## Sífelld fleiri einstaklingar fá heimsent

Ármann segir mikið af fyrirtækjum nýta sér heimsendingarþjónustu Hagkaups. Einstaklingum sem nýta sér þjónustuna fjölgar einnig jafnt og þétt. „Fyrst um sinn voru það helst einstakling-

ar sem eiga ekki svo auðvelt með að fara sjálfir út í búð að versla sem pöntuðu hjá okkur en nú er kúnnahópur okkar orðinn mjög fjölbreyttur enda mjög þægilegt að geta pantað mat og annað og fengið sent heim. Matarkarfan er fljót að fara upp í 7.500 krónur svo flestir á höfuðborgarsvæðinu fá heimsent endurgjaldslaust.“

*Allar nánari upplýsingar er að finna á [hagkaup.is](http://hagkaup.is)*



# Hagkaup | heim

Netverslun Hagkaups býður upp á um **12.000** vörur, þar á meðal um **4000** matvörur.

Einnig er hægt að panta í gegnum síma og tölvupóst og er þá allt vöruúrval Hagkaups fáanlegt.

Hægt er að panta í gegnum netverslun Hagkaups á [www.hagkaup.is](http://www.hagkaup.is), í gegnum síma í **563 5121** eða með því að senda tölvupóst á [heim@hagkaup.is](mailto:heim@hagkaup.is).

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



### MÖRG HLUTVERK MJÓLKURPÓSTA Í MENNINGUNNI

Á árum áður var mjólkinn víða send heim til fólks með sendlum eða mjólkurpóstum. Staðalímyndin af mjólkurpóstinum er vinalægur, áreiðanlegur, snyrtilegur karlmaður í hreinum, hvítum búningi og er sú ímynd algengt tákni úthverfalífs fyrri ára. Jafn oft er þessari ímynd snúið á hvolf og mjólkurpósturinn sagður vera hættulegt flagð undir fögru skinni.

Í poppmenningunni hefur mjólkurpósturinn komið fram í mismunandi hlutverkum. Aðalpersóna söngleiksins Fiðlarinn á þakinu frá 1964, Tevye, er mjólkurpóstur. Smásagan Morning Deliveries (Milkman No.1) eftir Stephen King fjallar um mjólkurpóst sem myrðir fólk með því að skilja eftir eitthvað „óvænt“ (eitur, eittraðar köngulær og fleira) í mjólkurbrúsum þess. Í lagi Herman's Hermits frá 1966, No Milk Today, er mjólkurpósturinn beðinn um að skilja ekki eftir mjólk á ákveðnum degi. Breski grínarinn og fyrrverandi mjólkurpósturinn Benny Hill gaf út vinsælt lag sem heitir Ernie (The fastest milkman in the West) árið 1970 og svona mætti áfram telja upp þau hlutverk sem mjólkurpóstar hafa gegnt í menningunni.



### ÍSBÍLLINN VEITIR GLEÐI

Þegar bjölluhljómur ísbílsins heyrir veit fólk að sumarið er komið. Flestir brosa út að eyrum þegar þeir heyra hljóðið og ósjálfrátt langar alla í ís. Ísbíllinn er yfirleitt svo áberandi að allir vita hvað er á seyði þegar hann nálgast.

Ísbílar eru í notkun í öllum löndum, sérstaklega eru þeir áberandi í kringum sumarleyfisstaði eða almenningsgarða. Í Bandaríkjunum og Bretlandi eiga þeir langa hefð. Sumir þeirra sem reka ísbíla í Bretlandi hafa fært út kvíarnar og bjóða einnig upp á pylsur og nasl.

Í sumum löndum Asíu er ísbíllinn reyndar mótörhjól. Í Hong Kong hafa þeir þó alvöru ísbíla.

Í Kanada komu ísbílar fyrst á göturnar í kringum 1960 en þar í landi eru mörg hundruð ísbílar á ferðinni og eru virkilega vinsælir þegar sumarið lætur sjá sig.

Hér á landi eru að minnsta kosti tíu ísbílar en sá fyrsti kom á göturnar 1994. Í upphafi var ísbíllinn einungis á ferð í sveitum en á undanföllum árum einnig á höfuðborgarsvæðinu. Líklegast eru allir ánægðir með að fá ísinn heimsendan og hlaupa út þegar heyrir í bjöllu.

### SKRÝTNIR HLUTIR

Það eru margir sérkennilegir hlutir sem hægt er að kaupa á vefnum víða um heim og fá senda heim að dyrum.

Hjá breska hernum er hægt er að kaupa eldri skriðdreka sem ekki eru lengur í notkun. Stykkið kostar rúmlega 8 milljónir króna auk þess sem afla þarf tilskilinna innflutningsleyfa. Rétt er að geta þess að búíð er að fjarlægja öll vopnin. Þar sem það er ólöglegt að keyra skriðdreka á hefðbundnum vegum væri betra að eiga jörð í sveit eða jafnvel einkaeyju sé stefnt á að fjárfesta í einum slíkum.

Japanskt fyrirtæki hefur sett á markað bardagavélmenni sem stýrt er af mönnum, ekki ósvipað og sést hefur í mörgum framtíðarmyndum frá Hollywood. Vélmennið er rúmir 3 metrar á hæð og vegur rúm tvö tonn. Tvær byssur eru hvor sínnum megin við stjórnklefann og kostar gripurinn um 48 milljónir króna. Áður en heimsyfirráð eru skipulögð er rétt að geta þess að það nær ekki nema 2 km hraða á klukkustund, gengur bara á sléttu yfirborði og byssurnar skjóta bleikum mjúkum boltum.



BYLGJAN989
#BYLGJAN

# RÚNAR RÓBERTS ER Í LOFTINU

ALLA VIRKA DAGA MILLI KL. 13:00 - 16:00



SÍÓNVARP



BYLGJAN.IS



ÚTVAPPIÐ



FM 98.9

HLUSTAÐU  
HVAR SEM ER,  
HVENÆR SEM ER

**BYLGJAN**  
989

## BÍLAR & FARARTÆKI

### STÓRA BÍLASALAN



Toyota Yaris Hybrid - NYTT Árgerð 2015. Erum að fá nokkra á lager. Takmarkað upplag. Verð aðeins 3.090.000kr. Raðnúmer 156735. Sjá nánar á [www.stora.is](http://www.stora.is).



Volvo S60 Momentum D2 Árgerð 2014. Ekinn 24þ.km. Sjálfsk. Nýja boddífið. Er á staðnum. Skipti skoðuð. Verð 4.890.000kr. Raðnúmer 157115. Sjá nánar á [www.stora.is](http://www.stora.is).

Stóra bílasalan  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 5861414  
<http://www.stora.is>

### bilfang.is S. 567 2000



**7 MANNA / DIESEL !**  
Nissan Pathfinder LE 2.5 DIESEL 12/2006 (mód 2007) ek 173 þ.km Leður ofl Flottur jeppi verð 2650 !!! Skipti skoðuð

Bílasalan Bílfang  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
Seljum í dag!  
[www.bilfang.is](http://www.bilfang.is)

### KRÓKUR



**KRÓKUR**  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur  
Sími: 522 4600  
<http://www.krokur.net>

### VAKA



Vinnuvéla- Lyftara- og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

Vaka  
Skútuvogi 8, 104 Reykjavík  
Sími: 567 6700  
24 tíma þjónusta  
<http://www.vakahf.is>

### SUZUKI



Rafmagnsfjallareiðhjólín vinsælu fást hjá okkur. Þægileg 26" reiðhjól sem henta vel fyrir Íslenskar aðstæður. Verð 188.900.- kr. Einnig til 28" borgarhjól.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 565-1725  
[suzuki@suzuki.is](mailto:suzuki@suzuki.is)  
[www.suzuki.is](http://www.suzuki.is) / [suzukisport.is](http://www.suzukisport.is)

### 567 2277 NYJA WWW.NYJA.IS



**BÍLL DAGSINS !!!**  
MAZDA 6 s/d t. Árgerð 2004, ekinn 165 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 990.000. VISA/EURO Rnr.210466.

Nýja bílahöllin  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 567 2277  
[www.nyja.is](http://www.nyja.is)

### 100 bílar.is



Nissan Leaf 2015, Nýr bíll - Verksmiðjuábyrgð - Evrópubíll- 7" opnanlegur snertiskjár - 6,6 kw hleðsa - Eignum 3 stk í mismunandi litum- Verð 3790þús er á staðnum. Raðnr 151734

100 bílar ehf  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opið 10-18.00, Lau 11-15  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)

### ASKJA



**NOTAÐIR BÍLAR**  
Kia cee'd ex sport 1.6 dísel sjálfsk.. Árgerð 2012, ekinn 18 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.250.000. Rnr.991102. 4 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



TOYOTA Land cruiser 150 gx. Árgerð 2011, ekinn 72 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.890.000. Rnr.991042.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2013, ekinn 82 þ.km, bensín, 5 girar. Verð 1.890.000. Rnr.991120.

### ASKJA



**NOTAÐIR BÍLAR**  
MERCEDES-BENZ E 200 kompressor. Árgerð 2010, ekinn 47 þ.km, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.991015.

ASKJA notaðir bílar  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
[www.notadir.is](http://www.notadir.is)

**GEFÐU VATN**  
gjofsemgefur.is  
907 2003  
Hjálparstarf kirkjunnar

Betra verð á nýjum og nýlegum bílum frá Evrópu og USA

# Rafbíllinn Ókeypis

## Láttu bensínsparnaðinn borga rafbíllinn!

Rafbíll er um 90% ódýrari í rekstri en bensín eða díselbíll. Sumir viðskiptavinna islandus.is spara svo mikið að þegar upp er staðið kostar rafbíllinn ekkert. Sparnaður stendur að fullu undir afborgunum.

Frábær tilboð á Nissan Leaf - Ford Focus & Tesla rafbílum



Á vefnum islandus.is færðu betra tilboð á nýjum og nýlegum rafbílum, bensín, dísel og metan bílum frá Evrópu og Bandaríkjunum.

Leitin að draumabílnum hefst hér: [www.islandus.is/bilaleit](http://www.islandus.is/bilaleit)

“Allt sem var sagt í ferlinu stóðst og bíllinn er frábær”



**Stefán Gíslason**

Stofnandi og eigandi Umhverfisráðgjöf Íslands  
[www.environmentice.is](http://www.environmentice.is)

Ekur á rafbíl frá islandus.is

Sparaðu 2 milljónir! - 100% fjármögnun og Íslensk ábyrgð í boði.



# islandus.is

[www.islandus.is](http://www.islandus.is) — [facebook.com/islandusbilar](https://facebook.com/islandusbilar) — Sími: 552 2000



## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

## TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!

Kistumelar 16, 116 Reykjavík  
165 - 280 fm bíl með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.

Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031

## WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

## Húsnæði óskast

2-3ja herb. íbúð óskast til leigu í RVK. greiðslugeta allt að 180þús. Snýrtileg íbúð. Skilv. gr. heitið. S. 780 4777 Anna

## Atvinnuhúsnæði

## AUÐBREKKA - LEIGA

Herbergi og skrifstofur til leigu í Auðbrekku, 13-350 fermetrar. Hentar bæði sem skrifstofur og fyrir ýmskonar aðra starfssemi, t.d. hönnuði og skapandi greinar. s 897 9743

## FJÁRFESTINGATÆKIFÆRI

Ný 50 m<sup>2</sup> bíl í Steinhelli 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar. Góðar hurðir. 10 m<sup>2</sup> milli loft mög. Fyrir frístundir eða líttinn rekstur. Verð: 9,9 m. S: 661-6800 og 564-6500

## Geymsluhúsnæði

## GEYMSLURTILLEIGU.IS

Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## SUMARTILBOÐ

## GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

## GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskisloð í Reykjavík. S. 555 3464

## FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

## WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m<sup>2</sup>. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

## WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

## SAMHJÁLÞ

óskar eftir fólki í símasölu á dag- og kvöldvaktir. Góð laun í boði. Tölvufærni og góð íslenskukunnátta áskilin.


Upplýsingar í s. 699-0005 frá kl.13-19 alla virka daga eða á annamc@samhjalp.is

## KRAFTBINDINGAR EHF

óska eftir að ráða vana smíði í mótaupplátt. Reiprennandi íslenskukunnátta algert skilyrði.

Áhugasamir hafi samband við Jónas í síma 788-6900

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegu starfsfólki í sumarvinnu, æskilegt er að viðkomandi sé með bílpróf. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinrgardar@gmail.com



**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTAEGNIR.IS

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

## Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri Stefnumót: 905-2000 • 535-9920  
Konur, allt frítt í s. 555-4321  
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

## Heitar kynsögur

905-2002 • 535-9930

Símadómur • Live spjall

908-6000 • 535-9999

## Til Sölu

Tilboð óskast í fasteignina að Hlíðarvegi 37, Fjallabyggð.



15815- Hlíðarvegur 37, Siglufirði, eigandi Ríkissjóður Íslands. Um er að ræða timburhús á steiptum kjallara, byggt árið 1986. Á neðri hæð er bílskúr, geymslur, íbúðarherbergi með snýrtingu ofl. Efri íbúðarhæðin er um 143 m<sup>2</sup> og í góðu ástandi miðað við aldur. Við húsið er stór nýlegur sólpallur. Á síðustu 2 árum hefur m.a. verið skipt um þakjárn, rennur og niðurföll og húsið málað að utan. Húsið er laust til afhendingar um miðjan júní 2015.

Brunabótamat eignarinnar er kr. 61.150.000,- og fasteignamat er kr. 23.850.000,-  
Húseignin verður til sýnis í samráði við Oddbjörn Magnússon í síma 862 6386.

Tilboðseyðublaðið liggja frammi hjá ofangreindum aðila og hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.

Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 19. maí 2015 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

RÍKISKAUP

Til hvers að flækja hlutina?

LIFÐU  
Í NÚLLINU!

365

365.is  
Sími 1817

**B O R G**

F A S T E I G N A S A L A

ÚLFARSBRAUT 50-56  
STÍLHREIN RAÐHÚS Á GÓÐUM STAÐ Í ÚLFARSÁRDAL



## ÚLFARSBRAUT 50-56

113 REYKJAVÍK

Falleg og vel skipulögð raðhús á útsýnisstað í Úlfarsfellinu.

Um er að ræða raðhús með 4 íbúðum sem hönnuð voru 2014. Íbúðirnar eru á 2 hæðum með sveigjanlegu skipulagi þannig að mögulegt er að koma fyrir 3-5 svefnherbergjum eftir þörfum. Falleg og stílhrein hönnun tekur mið af þörfum fjölskyldunnar.

Húsin eru staðsett í nágrenni við skóla, leikskóla og íþróttasvæði – mikil uppbygging er fyrirhuguð á svæðinu, framunda er hugmyndasamkeppni af hálfu Reykjavíkurborgar um hana.

Stutt er í einstakar náttúruperlur en stutt í stofnbrautir og alla þjónustu.

Verð frá: 40.900.000



Þóra  
Fasteignasali  
☎ 777 2882


Jóhanna  
Sölumaður  
☎ 662 1166



## Veðurspá

Mánudagur

Í dag verða litlar breytingar á veðri frá því í gær. Enn blæs nokkuð hressilega og búist er við smá vætu um landið sunnan- og vestanvert seinnipartinn og einnig að hitatölur verði heldur lægri en hafa verið í gær eða að 15 gráðum þar sem best lætur.



Priðjudagur



5°

→9



2°

→14



5°

→10



9°

→9



6°

→11



-1°

→18

Miðvikudagur



6°

→7



3°

→7



5°

→5



8°

→8



7°

→8



-1°

→9

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## KROSSGÁTA

### LÁRÉTT

2. eining, 6. í röð, 8. hár, 9. tækifæri, 11. lést, 12. toga, 14. með, 16. tveir eins, 17. yfirgaf, 18. munda, 20. golf áhald, 21. alþjóðlegur samningur.

### LÓÐRÉTT

1. mylsna, 3. í röð, 4. aldaskil, 5. nögl, 7. barningur, 10. eldsneyti, 13. útdeildi, 15. hljómsveit, 16. kaðall, 19. strit.

### LAUSN

LÁRÉTT: 2. stak, 6. ab, 8. ull, 9. lag, 11. dó, 12. draga, 14. ásamt, 16. tt, 17. fól, 18. óta, 20. tí, 21. gatt.  
LÓÐRÉTT: 1. sáld, 3. tu, 4. aldamót, 5. kíó, 7. baratta, 10. gas, 13. gaf, 15. tríó, 19. at.

## Myndasögur


### PONDUS



Eftir Frøde Øverli

Við eigum meiri mat inni í eldhúsi, pabbi, engrar áhyggjur. Gleymdu matnum, finndu einhvern sem er með betri grill-tækni en ég.

### GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Við skulum reyna að bremsa aðeins lengra frá stopp-merkinu næst. Mamma, þú ert alltaf að reyna að finna eitthvað að hjá mér!

### BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Ég ætla að byrja í ræktinni. Frábær hugmynd, elskan. Er það útaf því að ég er FEIT? ER ÞAD ÁSTÆÐAN? Ekki ná augnsambandi. Ef hún ræðst á mig: Þykjast vera látinn.

## SKÁK

Gunnar Björnsson

Stefán Bergsson (2.101), Skákkfélagi Akureyrar, hafði hvítt gegn Helga Áss Grétarssyni (2.456), Skákkfélaginu Hugin, á Íslandsmóti skákkféлага. Hvítur á leik

19. d5! cxd5 20. exd5 e5 (20. ...Rh6 er best) 21. d6! Bg5 22. Dc4+ Kg7 23. Rd5 Dd8 24. Rc7 Rhf8 25. Hc2 Hb8 26. Bc3 og góð staða hvíts dugði til sigurs sex leikjum síðar.

www.skak.is: Allt um Íslandsmót grunnskólasveita.



www.yummy.is

# GÓÐUR THAIENSKUR MATUR

www.ban thai.is   www.yummy.is   www.yam.is

# UMHVERFISMÆLAR

Súrefnismælar • hitamælar • pH mælar o.m.fl. og nú er Fastus einnig söluaðili Merck efnavöru

**FASTUS**  
Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

## SUDOKU

LÉTT					MIÐLUNGS					PUNGS										
			7	5					6				2		3	6				
5					7	9			4	5				3	7					
	8		6	9	4	4				7		6		8		1				
9	7		6	3		5		5		8	4	3		1		9				
					7	1	3	7	1	4			6	2	4	5	6	3	1	8
4	6			5						6			5			8		4	6	
	5	9	2							1	4		9	2	1			6		9
					6	7		8					1	9	5	8			4	
3			8	1		2			6	2	3	8		3						

7	9	2	4	1	6	8	5	3
4	8	1	7	5	3	6	2	9
3	6	5	8	9	2	1	7	4
6	7	3	9	4	1	5	8	2
2	1	8	5	3	7	4	9	6
5	4	9	2	6	8	3	1	7
8	3	4	1	2	9	7	6	5
9	5	7	6	8	4	2	3	1
1	2	6	3	7	5	9	4	8
7	3	4	8	6	9	5	2	1
1	9	5	2	7	4	6	3	8
6	8	2	3	1	5	7	4	9
8	5	7	4	9	1	3	6	2
9	1	6	5	2	3	4	8	7
2	4	3	6	8	7	1	9	5
3	6	9	7	5	8	2	1	4
4	7	1	9	3	2	8	5	6
5	2	8	1	4	6	9	7	3
8	4	6	9	5	3	1	2	7
5	9	1	2	7	8	6	3	4
3	7	2	4	1	6	5	9	8
9	1	5	3	2	7	8	4	6
6	8	7	1	9	4	2	5	3
4	2	3	6	8	5	7	1	9
1	5	4	7	6	9	3	8	2
2	6	9	8	3	1	4	7	5
7	3	8	5	4	2	9	6	1

### LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.





<b>ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON</b> Frámkvæmdastjóri Löggiltur fasteignasali	<b>ADALHEIÐUR KARLSDÓTTIR</b> Löggiltur fasteignasali söluþáttgjafi gsm 893 2495	<b>BERTA BERNBURG</b> Löggiltur fasteignasali söluþáttgjafi gsm 694 6369	<b>GRÉTAR HARALDSSON Hfl.</b> Löggiltur fasteignasali	<b>STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON Hfl.</b> Söluþáttgjafi löggiltur fasteignasali	<b>EINAR S. VALDIMARSSON</b> Löggiltur fasteignasali söluþáttgjafi gsm 840 0314	<b>EDWIN ÁRNASON</b> Söluþáttgjafi gsm 893 2121	<b>ÓSKAR H. BJARNASEN</b> Lögræðingur, L.L.M. söluþáttgjafi gsm 691 1931	<b>GUÐMUNDUR VALTYSSON</b> Viðskiptafræðingur söluþáttgjafi gsm 865 3022	<b>BÖÐVAR SIGURBJÖRNSSON</b> Lögræðingur söluþáttgjafi gsm 660 4777	<b>BERGPÓRA SIGURDARDÓTTIR</b> Skrifstofustjóri	<b>MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR</b> Móttaka – skjalavarsla
---	---	---	--	---	--	---	---	---	--	--	--

GLÆSILEG HEIL HÚSEIGN VIÐ LAUGAVEG

LAUGAVEGUR 46 - 101 RVK

FJÁRFESTAR ATHUGIÐ

- Húsið sem hefur mikið verið endurbyggt, skiptist í verslunarymi á jarðhæð og fimm íbúðir á annarri og þriðju hæðinni.
- Endurgerðin á húsin var unnin á þeim forsendum að færa húsið sem næst upprunalegi hönnun.
- Tveir stigagangar eru í húsinu, sá vestari með inngangi frá Laugavegi þjónustar tvö gistirými og aftan til austanmegin er stigahús sem þjónustar hin gistirými.
- Í nýrri viðbyggingu aftan til er starfsmannaaðstaða fyrir verslunarymi.
- Allar íbúðir hafa aðgengi að svölum.
- Um er að ræða glæsilega eign í hjarta Reykjavíkur.



VESTURGATA 51B - 101 RVK. 42,7 M.



**SÖLUSÝNING Á ÞRI. 17:00 - 17:30**  
Tveggja íbúða raðhús við Vesturgötu í Reykjavík. Stúdíó íbúð með sér inngangi og hæð og ris með sér inngangi. Sjarmerandi eign á flottum stað. Laus strax.

ÞORLÁKSGEISLI 11 - 113 RVK 33,7 M.



4ra herbergja 122,5 fm endaíbúð á 2 hæð við Þorláksgæisla, fyrsta hæð frá stofu. Sér inngangur, stæði í bilageymslu, garður frá stofu. Parket og flísar á gólfum, þvottahús inn af eldhúsi.

GRETTISGATA 64 - 101 RVK 19,0 M.



Til sölu er verslunarhúsnæði við Grettisgötu 64 (Barónsstígmegin). Fremra húsnæðið er eitt rými og bíður uppá ýmsa möguleika. Frá verslunaryminu er síðan stórt geymslurými sem hægt er að skilja frá framhlutanum og er með inn/útgang út á baklöd.

LANGHOLTSVEGUR 80 - 104 RVK 23,9 M.



79,6 fm 3ja herbergja íbúð með sér inngangi í kjallara í litlu fjölþýli. Búíð er að endurnýja þak. Húsið stendur á stórri og skjólsælli lóð.

VATNSSTÍGUR 16-18 - 101 RVK 49,9 M.



Sérlega vönduð og falleg, vel skipulögð 2ja herbergja 95,2 fermetra íbúð á 2. hæð í vinsælu fjölþýlishúsi með lyftu. Yfirbyggðar svalir og sér bílastæði í lokaðri og upphitaðri bilageymslu. Einstök staðsetning fremst í Skuggahverfinu. Sjávarútsýni.

AUÐBREKKA 36 - 200 KÓP. 26,9 M.



3ja herbergja íbúð á þriðju og efstu hæð í litlu fjölþýlishúsi við Auðbrekku. Parket á stofu og herbergjum. Rúmg. eldhúsinnrétting. Laus við kaupsamning.

HÁTÚN 49 - 105 RVK. 23,5 M.



53,1 fm 3ja herbergja risíbúð við Hátún. Frábær staðsetning, lítið fjölþýli. Eignin er laus við kaupsamning.

AUÐBREKKA 2 - 200 KÓP. 56,0 M.



398,9 fm. atvinnuhúsnæði sem býður uppá marga möguleika. Húsið er mjög áberandi séð frá Kringlumyrarbraut á leið til Hafnarfjarðar og hefur gaflinn mikið auglýsingagildi.

BAKKASEL 33 - 109 RVK 18,9 M.



2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús með borðkrók, baðherbergi, svefnherbergi og geymslu. Fallegur garður.

FLATAHRAUN 1 - 220 HFJ. 34,9 M.



131,6 fm rúmgóð 4-5 herbergja íbúð á fimmtu og efstu hæð í lyftuhúsnæði við Flatahraun. Eignin er tilbúin til innréttinga og afhendist í núverandi ástandi. Stórar svalir til vesturs, norðurs og austurs með glæsilegu útsýni. Stæði í bilageymslu.

LAUGAVEGUR 50 - 101 RVK 65 M.



184,8 fm eignarlóð með byggingarrétti. Lóðin er 184,8 fm. Í dag stendur 111,2 fm hús á lóðinni sem var byggt árið 1902. Samþykktar teikningar eru fyrir 350 fm húsi á lóðinni, kjallari og þrjár hæðir.

ÁLFHÓLSVEGUR 145 - 200 KÓP. 26,7 M.



4ra herbergja 92,4 fm efri hæð með sér inngangi á stórri lóð. Parket og flísar á gólfum. Fallegt útsýni, frábær staðsetning.

HRAUNBÆR 52 - 110 RVK. 24,7 M.



98,2 fm 4ra herbergja íbúð á annari hæð. Þrjú svefnherbergi, geymsla innan íbúðar og í sameign. Ekkert áhvílandi.

HVERFISGATA 57 - 101 RVK. HEIL HÚSEIGN



SAMTÚN 6 - 105 RVK 54,6 M.



264 fm parhús með aukaíbúð að meðtöldum 34 fm frístandandi bílskúr. Um er að ræða vel skipulagt hús sem nýtist í einu lagi eða sem tvíþýlishús.

ÞVERÁS 25 - 110 RVK 52,7 M.



224,1 fm raðhús að meðtöldum 24 fm bílskúr. Verönd fyrir framan hús, innbyggður bílskúr, frábær staðsetning.

LAUGATEIGUR 30 - 105 RVK. 24,7 M.



75,3 fm vel staðsett íbúð í lokuðum botnlanga. Sér inngangur og sameiginlegur garður. Góðar innréttingar. Endurnýjað frárennsli.

**SÖLUSÝNING Í DAG, MÁNUDAGINN 20. APRÍL FRÁ KL. 17:30 - 18:00**  
Vandaðar og vel skipulagðar 2ja og 3ja herb. íbúðir í stórglæsilegu og nýbyggðu litlu fjölþýlishúsi með lyftu á frábærum stað í miðborginni. Góð sameign

# MENNING

## Hádegistónleikar

Kirkjulistavika stendur yfir í Akureyrarkirkju.

Þrennir hádegistónleikar verða haldnir í Akureyrarkirkju í vikunni. Sigrún Magna Þórsteinsdóttir organisti leikur verk eftir Mendelssohn, Scheidt og Boëllmann í dag. Á morgun leika þeir Þórir Jóhannsson á kontrabassa og Eypör Ingi Jónsson á orgel,

verk eftir Bach, Bruch og fleiri og hinn ungi og efni-legi píanóleikari, Alexander Smári Edelstein, leikur á flygil kirkjunnar á miðvikudaginn. Aðgangur er ókeypis.

**AKUREYRARKIRKJA** Líf og fjór er í kirkjunni þessa dagana.



VANDA SIG Strengjahópur í Tónskóla Sigursveins að æfa upphafsatriði Barnamenningarhátíðarinnar 2015.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TOM HARDY  
GARY OLDMAN  
NOOMI RAPACE  
JOEL KINNAMAN  
PADDY CONSIDINE  
WITH JASON CLARKE  
AND VINCENT CASSEL  
FROM PRODUCER  
RIDLEY SCOTT

★★★★★  
**A brave, slow-burn of a thriller**  
Total Film – James Mottram

**CHILD 44**  
BASED ON THE INTERNATIONAL BEST SELLING NOVEL

CATCH THE KILLER EXPOSE THE TRUTH

**KOMIN Í BÍÓ**

Tryggðu þér miða á **SAMBIO.IS**

KEFLAVÍK AKUREYRI KRINGLAN ALFABAKKI

## Ævintýri um alla borg

Fjölbreytt atriði sem höfða til mismunandi aldurs eru á dagskrá Barnamenningarhátíðar Reykjavíkur sem hefst á morgun og stendur fram á sunnudag.

Öllum fjórða bekkjar börnum úr grunnskólum Reykjavíkur, um 1.550 talsins, er boðið á opunarhátíð Barnamenningarhátíðarinnar í Eldborgarsal Hörpu sem hefst klukkan 11 á morgun, 21. apríl. Þar býður Íslenski dansflokkurinn börnum úr Klettaskóla í dans áður en Dagur Eggertsson borgarstjóri ávarpar gesti. Eftir meiri dans leikur fiðlusveit Tónskóla Sigursveins lög úr James Bondmyndum og Mamma Mia og síðan stígur Salka Sól á svið og syngur lagið Það sem skiptir mestu máli, sem einmitt 4. bekkjar börnin áttu stóran þátt í að semja textann við.

Upp úr hádeginu eiga leikskólabörnin sviðið í Eldborg er þau frumflytja, ásamt forskólanemendum Tónskóla Sigursveins, gullfalleg lög Tryggva M. Baldvinssonar við undirleik atvinnutónlistarmanna. Sú dagskrá nefnist Ég fæddist í landi sem lifir. Allir eru velkomnir á þann viðburð.

Upptakturinn er frumflutningur verka sem ungt fólk samdi með aðstoð tónskálda og leikin eru af listamönnum. Hann hefst klukkan 17 á morgun í Kaldalóni í Hörpu og í sama sal, sama dag, verður Drullumall – unglingatónleikar frístundamiðstöðvarinnar Kamps sem hefjast klukkan 19.30 og standa til 22.

Assitej Ísland setur sviðslistahátíð fyrir börn í Ráðhúsi Reykjavíkur með litríkri opunarathöfn klukkan 16.30 á morgun. Þaðan verður gengið yfir í Tjarnarbíó sem verður miðstöð sviðslistahátíðarinnar.

Í Iðnó verður starfrækt barnamenningarhús næstu daga undir nafninu Ævintýrahöllin. Þar eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi og Ráðhús Reykjavíkur setur upp þrjár spennandi lista-sýningar.

Leikskólar borgarinnar, RÚV, Sjóminjasafnið, Laugarnesskóli, Félagsmiðstöðin Dregyn í Grafarvogi, Myndlistarskóli Reykjavíkur, Laugardalslaugin og Sambíóin Álfabakka eru meðal þeirra sem bjóða hinu mikilvæga fólki á aldrinum tveggja til sextán ára upp á eitthvað skemmtilegt í vikunni í tilefni hátíðarinnar. Borgarbókasafnið og Listasafn Íslands láta heldur ekki sitt eftir liggja heldur verða með ótal viðburði.

gun@frettabladid.is



100 BÖRN – 100 ÁR Nemendur í 4. og 5. bekk Ingunnarskóla hafa unnið listaverk í tengslum við 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Verkið verður sýnt í Þjóðminjasafninu.



SPENNANDI Danssýningin Rauðhetta verður í Tjarnarbíó á miðvikudaginn í meðförum franska dansleikhópsins Cie Divergences. Sýningin er hluti af Sviðslista-hátíð ASSITEJ og er ætluð fyrir áhorfendur frá sjö ára aldri.

# Martha aftur á svið eftir hálftrar aldar hlé

Óperan Martha verður frumsýnd í kvöld í Iðnó í uppfærslu Söngskóla Sigurðar Demetz. Önnur sýning verður í Safnaðarheimilinu Kirkjuholi 22. apríl

Óperudeild Söngskóla Sigurðar Demetz setur upp óperuna Martha eftir Friedrich von Flotow á tveimur sýningum í vikunni.

Leikstjóri er Randver Þorláksson og Aladár Rácz hefur líka séð um að leiðbeina söngvurunum við undirbúning sýningarinn-

ar en óperan Martha gerir miklar kröfur til flytjenda.

Þess ber og að geta að óperudeildin er undir stjórn Kristjáns Jóhannssonar stórsöngvara.

Aladár Rácz sér um meðleik á sýningunum sem verða í Iðnó í kvöld 20. apríl klukkan 20 og í Safnaðarheimilinu Kirkjuholi í

Garðabæ á sama tíma miðvikudagskvöldið 22. apríl.

Óperan var síðast flutt á Íslandi í Þjóðleikhúsinu árið 1967.

- gun

**Á ÆFINGU** Óperan gerir miklar kröfur til flytjenda og hér er sungið með tilþrifum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**EINLEIKARI** Sif Margrét Tulinius fiðluleikari sækir ný verk til íslenskra tónskálda.

## Tveir + einn í Salnum

Annað kvöld flytja Sif Margrét Tulinius fiðluleikari og Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari Sónötu í Es-dúr opus 12 no. 3 og Sónötu í A-dúr opus 30 no. 1 eftir Ludwig Van Beethoven og Sif frumflytur verkið Praesentia eftir Huga Guðmundsson.

Tónleikarnir verða í Salnum í Kópavogi kl. 19.30 með tónleikaspjalli Árna Heimis Ingólfssonar þar sem hann spjallar við tónskáld kvöldsins ásamt hugleiðingum um Beethoven. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Tveir+einn sem Sif og Anna Guðný standa fyrir. Á öllum þessum tónleikum flytja þær fiðlusónötur Beethovens auk þess sem Sif frumflytur verk fyrir einleiksfíðlu eftir íslenskt tónskáld.

„Fyrstu tónleikarnir voru í haust og þá frumflutti ég verk eftir Atla Ingólfsson sem var ákaflega vel tekið en nú er komið að Huga. Okkur Önnu Guðnýju langaði til þess að taka fyrir svona bálk á borð við fiðlusónötur Beethovens sem spanna langt ferli og gefa góða og áhugaverða yfirsýn yfir stóran hluta af hans ferli.

Það er ákveðin nálgun að blanda saman gömlu og nýju efni á tónleikum. Enda ágætt að hafa í huga að Beethoven var eitt sinn samtímatónskáld og það voru einhverjir sem pöntuðu verk frá honum. Núna er það ég sem panta verk frá íslenskum tónskáldum. Það er ákaflega gaman að kynna því hvernig þeir vinna og fá að fara ofan í saumana á þeirra ferli. Það er líka skemmtilegt hvað það er mikil gróska í klassískri tónlist á Íslandi í dag og mikið af tónskáldum að gera flotta hluti.

Ég hef líka verið að skora á tónskáldin að fullnýta hljóðfærð og láta reyna á mig í senn. Að auki þá felst mikil áskorun í því fyrir mörg tónskáld að skrifa einleiksverk. En þetta hefur verið mjög ánægjulegt og ég tek eina tónleika í einu. Safna svo í þá næstu sem er líka heilmikil vinna og fikra mig svona áfram þar til við Anna Guðný verðum búnar að klára þessa fimm tónleika seríu.“

- mg

# Konur í klassískri tónlist

Umræðufundur á vegum Menningarstjórnunar við Háskólann á Bifröst mánudaginn 20. apríl

Mánudaginn 20. apríl munu Arna Kristín Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Signý Leifsdóttir, framkvæmdastjóri Tónverkamíðstöðvar og Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og hljómsveitarstjóri ræða stöðu kvenna innan klassíska tónlistargeirans. Fjallað verður um kynbundna mismunun frá ólíkum hliðum og gefinn tími fyrir umræður



Arna Kristín Einarsdóttir



Hallfríður Ólafsdóttir



Signý Leifsdóttir

Hádegisfundirnir eru öllum opnir og gestir eru hvattir til þess að taka með sér nestið sitt að svo dagurinn nýtist sem allra best.

Hverfisgata 4-6, 5. hæð, klukkan 13.00 - 13.55.



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

# LÍFIÐ

## BBQ-hamborgarar með karamellu- húðuðum rauðlauk og hvítmygluosti

Heima- gerðir hamborg- arar eru svo sann- arlega bragðgóð leið til þess að hefja vikuna.	2 rauðlaukar 2 msk. smjör 1 tsk. púðursykur 600 g nautahakk ½ dl Hunt's Honey Mustard BBQ Sauce 1 msk. estragon Salt Pipar Hvítmygluostur Hamborgarabraud
--	---

### Karamelluhúðaður rauðlaukur:

Bræðið smjör á pönnu við miðlungsháan hita. Hökkuðum rauðlauk bætt á pönnuna og hann látinn malla í smjörinu í 10 mínútur. Púðursykrinum bætt á pönnuna og látið malla áfram í 10 mínútur. Á meðan er hrært reglulega í lauknum. Ef laukurinn dökkar of hratt þá er hitinn lækkaður.

### Hamborgarar (5 stk.):

Nautahakki, estragon, Hunt's Honey Mustard BBQ Sauce, salti og pipar er blandað saman og fimm hamborgarar mótaðir. Hamborgararnir eru grillaðir á lokuðu grilli í um 3



mínútur, þá er þeim snúið við og ostasneiðar lagðar ofan á. Grillinu er lokað aftur og hamborgararnir grillaðir áfram í um 6 mínútur. Undir lokin er hamborgarabrauðum bætt á grillið og þau hituð. Hamborgararnir eru bornir fram með karamelluhúðaða rauðlauknum, salati, góðri hamborgara-sósu og jafnvel líka beikoni og lárperu.

*Uppskrift fengin af Ljufmeti.com*



VILL GERA ÍPRÓTTINA AÐGENGILEGA Viktoria Ginter vill auka veg og virðingu snjóþettaíþróttarinnar.

## Flytja snjó úr Bláfjöllum í bæinn fyrir brettaiðkun

Viktoria Ginter skipuleggur brettahátíð fyrir alla fjölskylduna á Arnarhóli og fá áhugasamir að prófa bretti.

Heimasíðan snowboard.is var opnuð fyrir skemmstu, en tilgangur hennar er að koma til móts við þá sem ekki hafa efni á því að stunda snjóþettaíþróttina og gera hana þannig aðgengilega fyrir sem flesta.

Til þess að gera þetta mögulegt ætla aðstandendur síðunnar að halda nokkra viðburði í sam-

starfi við fyrirtæki og aðila sem vilja styrkja málefnið. „Plan- ið er að flytja snjó úr Bláfjöllum, þar sem líklega verður ekki snjór í bænum, og gera brautir og palla,“ segir Viktoria Ginter, ein af skipuleggjendum, um fyrsta viðburðinn sem haldinn verður á Arnarhóli þann 23. apríl klukkan 12. Allir eru velkomnir

sem hafa áhuga á að prófa snjó- bretti og kynna sér íþróttina. „Þarna verða brettakennarar að leiðbeina, tónlist og matur. Þetta verður eins og stór fjölskyldu- piknikk,“ segir hún og hlær. Viktoria segir marga viðburði vera í bígerð, og nefnir þá meðal annars fría brettakennslu í Bláfjöllum.

- así

“Þarna verða bretta- kennarar að leiðbeina, tónlist og matur. Þetta verður eins og stór fjölskyldupiknikk.”

## Vinsældir myndarinnar Furious 7 sögulegar

Hefur þénað 164 milljarða króna á aðeins nítján dögum. Gæti komist á stall með Titanic og Avatar.

Kvikmyndin Furious 7 hefur nú þénað um 1,2 milljarða Bandaríkjadala um allan heim, eða um 164 milljarða íslenskra króna á aðeins nítján dögum í sýningu. Þetta er í fyrsta sinn sem kvik- mynd framleidd af Universal fer yfir milljarð í tekjur og er myndin á góðri leið að fara á stall með myndunum Avatar og Titanic, sem eru þær tvær myndir kvik- myndasögunnar sem hafa þénað mest.

Myndin komst yfir milljarð í tekjur eftir aðeins 17 daga í sýn- ingu. Vinsældir hennar ná þvert á landamæri. Í næstu viku gæti hún til að mynda orðið vinsæl-

asta bandaríska mynd allra tíma í Kína, en kvikmyndin Transform- ers: Age of Extinction er sú sem nú er í efsta sæti. Stærstur hluti tekna sem fengist hafa af mynd- inni hefur komið utan Bandaríkj- anna, en hún nýtur samt sem áður mikilla vinsælda heimafyrir.

Eins og frægt er lést leikarinn Paul Walker við tökur á myndinni og þurftu framleiðendur hennar og handritshöfundar að gera ráð- stafanir svo að hægt væri að ljúka við tökur. Bræður leikarans hlupu meðal annars í skarðið í einhver- um atriðum, en handritinu var einnig breytt vegna fráfalls Walk- ers sem lést í bílslysi.



MIKLIR MÁTAR PEIR Vin Diesel og Paul Walker voru miklir vinir. Furious-myndirnar eru nú orðnar sjö talsins og sú síðasta er langvinsælust.



**TRÓPÍ**  
fæst  
núna  
líka í  
1. lítra  
fernum



**Náttúru-  
lega  
góði  
safinn**





Yfir  
**100**  
fasteignir

**400**  
leigutakar

**273**  
þúsund m<sup>2</sup>

Virði fasteigna  
**62**  
milljarðar

## Styrkar stoðir öflugs atvinnulífs

Við sérhæfum okkur í rekstri og leigu atvinnuhúsnæðis af öllum stærðum og gerðum og höfum yfir að ráða eignum á eftirsóttum stöðum. Við þjónum viðskiptavinum í fjölbreyttri starfsemi og húsum yfir 400 leigutaka í yfir 500 leigueiningum bæði stór og smá fyrirtæki, opinberar stofnanir og félagasamtök. Þessi mikla dreifing viðskiptavina rennur styrkum stöðum undir rekstraröryggi um leið og hún eflir þekkingu okkar á margvíslegum þörfum atvinnulífsins og þar með getuna til að veita fyrsta flokks þjónustu.

Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200 eða [utleiga@eik.is](mailto:utleiga@eik.is).



# Stóri haus

**BAKPANKAR**  
Hauks Viðars  
Alfreðssonar



Ég bjó í blokk fyrstu fimm ár ævi minnar og á góðar minningar um gamla konu sem bjó í íbúðinni á móti okkur. Hún passaði mig stundum og gaf mér kandís. Ég var að rifja þetta upp með móður minni um daginn og spurði hvort þetta gæti ekki passað.  
„Nei, hún passaði þig aldrei,“ fullyrta mamma. „Hún bauð þér stundum inn til sín vegna þess að hún vorkenndi þér.“ Vorkenndi mér? Um hvað var móðir mín eiginlega að tala?  
„Hún vorkenndi

þér vegna þess að krakkarnir í blokkinni göluðu á eftir þér „stóri haus, stóri haus.“ Ég fékk kökk í hálsinn og hitnaði allur í framan. Stóri haus? Var mér strítt á höfuðstærð minni í æsku? Var ég höfuðstór sem barn? Er ég það kannski enn?

**SÍÐAN** ég heyrði þetta hef ég hugsað um fátt annað. Ég er búinn að renna yfir hverja einustu ljósmynd sem tekin hefur verið af mér og jú, miðað við þær er ég kannski með svolítið stóran haus, sérstaklega ef ég er með öðru fólki á mynd. Þá er blöðruhausinn minn áberandi stærri en höfuð hinna. Og þegar ég þæli í því þá hefur yfirleitt verið vesen að finna hufur og hatta sem passa á mig. Ég þarf líka tvöfaldan skammt af verkjalyfjum

til þess að losna við hausverk. En af hverju er ég að heyra af þessu fyrst núna?

